# ÁRSSKÝRSLA

# 2002

Leikskólar Reykjavíkur

# EFNISYFIRLIT

Leikskólaráð . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3
Samþykkt fyrir leikskólaráð . . . . . . . . . 4
Helstu viðfangsefni árið 2002 . . . . 5
Rekstrarsvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . 8
Fjármál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 9
Kjaramál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 10
Rekstur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 10
Þjónusta . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 14
Fagsvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 19
Starfsþróun . . . . . . . . . . . . . . . . . . 20
Leikskólaráðgjöf . . . . . . . . . . . . . . . 22
Sálfræðiþjónusta . . . . . . . . . . . . . . . 26
Daggæsla . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 28
Gæsluleikvellir . . . . . . . . . . . . . . . . . 30
Starfsfólk á skrifstofu . . . . . . . . . . 31
Leikskólar í Reykjavík . . . . . . . . . . . 32

EFNISYFIRLIT

Ábyrgðarmaður: Bergur Felixson
Ritstjórn: Jakobína Sveinsdóttir og Steinunn Hjartardóttir
Umbrot/prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.
Letur: Officina Sans Book meginmál 8,5pt / 10pt
Pappír: Mediaprint s mattur 135 g
Myndir: Leikskólanemar í leikskólanum Lækjaborg

# LEIKSKÓLARÁÐ

LEIKSKÓLARÁÐ

Samkvæmt samþykkt fyrir leikskólaráð, staðfest í borgarráði 21. mars 2002, sbr. einnig 9. gr. laga nr. 78/1994 skal ráðið skipað fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann úr hópi borgar- eða varaborgarfulltrúa. Ráðið er kosið til fjögurra ára.

Leikskólaráð sem starfar í umboði borgarráðs fer með stefnumótun í leikskólamálum og með málefni gæsluvalla, fjallar um samhæfingu þeirra úrræða sem völ er á við barnagæslu og forskólastarf í borginni. Einn fulltrúi starfsfólks leikskóla og einn fulltrúi foreldra leikskólabarna eiga rétt til setu á fundum leikskólaráðs með málfrelsi og tillögurétt.

**Fyrri hluta árs 2002 sátu eftirtaldir fulltrúar í leikskólaráði:**

| Aðalmenn | Varamenn |
|---|---|
| Kristín Blöndal, formaður | Kolbeinn Stefánsson |
| Ingvar Sverrisson | Nína Helgadóttir |
| Stefanía Traustadóttir | Brynjólfur Þ. Guðmundsson |
| Guðlaugur Þór Þórðarson | Björg Anna Kristinsdóttir |
| Helga Jóhannsdóttir | Anna F. Gunnarsdóttir |

**Á fundi borgarstjórnar 20. maí 2002 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir í leikskólaráð til loka kjörtímabilsins:**

| Aðalmenn | Varamenn |
|---|---|
| Þorlákur Björnsson, formaður | Nína Helgadóttir |
| Sigrún Elsa Smáradóttir | Guðný Magnúsdóttir |
| Björk Vilhelmsdóttir | Hrefna Guðmundsdóttir |
| Guðlaugur Þór Þórðarson | Tinna Traustadóttir |
| Jórunn Frímannsdóttir | Ívar Andersen |



Fulltrúi starfsmanna árið 2002 var Sigrún Sigurðardóttir, leikskólastjóri og til vara Ragnheiður Halldórsdóttir, leikskólastjóri.

Þá sátu fundina Bergur Felixson, framkvæmdastjóri, Margrét Vallý Jóhannsdóttir, sviðsstjóri fagsviðs, Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, fjármálastjóri og Garðar Jóhannsson, skrifstofustjóri, er ritaði fundargerðir.

Haldnir voru 16 stjórnarfundir á árinu 2002.



# *Samþykkt fyrir Leikskólaráð*

LEIKSKÓLARÁÐ

**1 .gr.**
Leikskólaráð Reykjavíkur fer, í umboði borgarráðs með málefni leikskóla, sbr. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla. IV kafla reglugerðar nr. 225/1995 um starfsemi leikskóla og eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari.

**2. gr.**
Leikskólaráð hefur eftirlit með því að lögum nr. 78/1994 um leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995 sé framfylgt af hálfu Reykjavíkurborgar.
Það mótar stefnu í málefnum leikskóla og gæsluvalla og er stefnumótandi um daggæslu á vegum annarra aðila, eftir því sem kveðið er á um í lögum um leikskóla, reglugerð um starfsemi leikskóla og reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 198/1992.
Ráðið gerir tillögur til borgarráðs um styrkveitingar til leikskóla og daggæslu á vegum annarra aðila eftir nánari reglum sem borgarráð setur. Þá veitir það leyfi til reksturs einkarekinna leikskóla.
Þjónustugjöld og rekstrarstyrkir skulu ákveðnir af borgarráði að fengnum tillögum leikskólaráðs.
Leikskólaráð skal í upphafi hvers kjörtímabils leggja fram stefnu sína í leikskóla- og daggæslumálum og standa að kynningu á henni fyrir foreldra og almenning.

**3. gr.**
Ráðið gerir tillögu til borgarráðs um byggingu nýrra leikskóla og gæsluvalla borgarinnar.

**4. gr.**
Ráðið skal stuðla að samstarfi leikskóla og grunnskóla.

**5. gr.**
Leikskólaráð er svo skipað, að í því eiga sæti fimm menn kosnir hlutfallskosningu af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Borgarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna fulltrúa og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.
Ráðið getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynna borgarráði.

**6. gr.**
Framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur eða staðgengill hans, skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt getur ráðið boðað aðra þá til fundar sem það telur þörf á hverju sinni. Einn fulltrúi starfsmanna leikskóla og einn fulltrúi foreldra leikskólabarna eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.
Ráðið getur sett reglur um val fulltrúa starfsmanna og foreldra.

**7. gr.**
Ráðið heldur fundi einu sinni til tvisvar í mánuði eftir því sem þurfa þykir. Fella má niður fundi í tvo mánuði samfellt að sumarlagi. Ráðið getur haldið fundi opna almenningi.

**8. gr.**
Formaður boðar til funda og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra eða þá sem hann tilnefnir í sinn stað hverju sinni. Nefndin skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerðar til borgarráðs jafnóðum. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001 eftir því sem við á.
Skrifstofa Leikskóla Reykjavíkur sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara.

**9. gr.**
Borgarráð ræður framkvæmdastjóra Leikskóla Reykjavíkur að fenginni umsögn leikskólaráðs til fimm ára í senn.
Framkvæmdastjóri ræður leikskólastjóra og sviðsstjóra að höfðu samráði við ráðið.

**10. gr.**
Borgarráð úthlutar fjárhagsramma til leikskólaráðs vegna fjárhagsáætlunar næsta árs.
Leikskólaráð felur framkvæmdastjóra leikskólaráðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun ráðsins.
Leikskólaráð afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Formaður ráðsins og framkvæmdastjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun.
Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja.

**11. gr.**
Formaður leikskólaráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á.
Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu Leikskóla Reykjavíkur, þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum og á framkvæmd ákvarðana ráðsins.

**12. gr.**
Framkvæmdastjóri veitir starfsleyfi til dagmæðra og sinnir lögbundnu eftirliti með þeirri starfsemi eins og kveðið er á um í reglugerð nr. 198/1992 um daggæslu barna í heimahúsum. Ágreiningi um starfsleyfi til dagmæðra má skjóta til úrskurðar ráðsins.

**13. gr.**
Framkvæmdastjóri skal fylgjast með þörf fyrir leikskóla- og daggæsluþjónustu í borginni og leggja árlega fyrir ráðið greinargerð þar að lútandi ásamt skýrslu um starfsemina á liðnu ári.

**14. gr.**
Samþykkt þessi öðlast gildi með samþykkt borgarstjórnar 21. mars og fellur þá úr gildi gildandi samþykkt frá 4. maí 1999.

Samþykkt í borgarstjórn 21. mars 2002
Breytt í borgarstjórn 7. nóvember 2002 (9. og 10. gr.)



# HELSTU VIÐFANGSEFNI ÁRIÐ 2002

*Bergur Felixson framkvæmdastjóri*

Að loknum borgarstjórnarkosningum í júní tók nýtt leikskólaráð til starfa og hélt sinn fyrsta fund þann 9. júlí 2002. Ný samþykkt fyrir leikskólaráð var samþykkt í borgarstjórn 6. mars 2002 og staðfest síðar af félagsmálaráðuneytinu.

Aukið þjónustuframboð varð allnokkuð árið 2002. Á árinu hófst rekstur nýrra leikskóla og byggðar voru deildir við eldri leikskóla. Fjölgun barna á eldri deildum sem hófst árið 2001 kom einnig að fullu til framkvæmda.

HELSTU VIÐFANGSEFNI ÁRIÐ 2002

Í árslok 2002 voru daglegar dvalarstundir barna rúmlega 45 þúsund og hefur hlutfall barna í heilsdagsvist aldrei verið hærra eða um 84%. Daglegur dvalartími barna í Leikskólum Reykjavíkur er að meðaltali rúmar 8 klukkustundir. Sömuleiðis hafa leikskólapláss aldrei verið fleiri. Við byrjun skólaárs haustið 2002 voru til pláss fyrir öll börn 2ja ára og eldri. Ekki var þó unnt að sinna öllum sem héldu sig eingöngu við sinn hverfisskóla, borgin er stór og erfitt að koma til móts við þarfir allra í nýjustu hverfunum, en í eldri hverfum er staðan góð og fjölda barna, sem ekki voru orðin 2ja ára um haustið, var boðið leikskólapláss.

## Fjöldi starfsmanna í árslok 2002

Eftirfarandi er tafla yfir fjölda starfsmanna í árslok 2002, skipt eftir stéttarfélögum. Meðtaldar eru afleysingastöður og stöðugildi vegna sérkennslu.

Á launaskrá voru 1.786 starfsmenn í 1.458 stöðugildum, þar af 81 karlmaður.

| **Stöðugildi** | | |
|---|---|---|
| Efling – stéttarfélag | | 831 |
| Félag íslenskra leikskólakennara | | 408 |
| Stéttarfélag Sálfræðinga á Íslandi | | 4 |
| Þroskaþjálfafélag Íslands | | 22 |
| Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar: | | |
| Skrifstofa | 23 | |
| Gæslumenn leikvalla | 43 | |
| Starfsm. m/aðra fagmenntun | 109 | |
| Matreiðslumenn | 18 | 193 |
| **Samtals** | | **1.458** |

## Heilsuefling

Í framhaldi af átaksverkefni í heilsueflingu var endurtekin könnun sem gerð var fyrir tveimur árum hjá starfsmönnum í þeim 16 leikskólum þar sem verkefnið hófst árið 2000. Marktækur munur kom fram og einnig að verkefnið hafi orðið til þess að bæta heilsu og líðan starfsmanna. Verkefnið heldur áfram og er áætlað að ljúka grunnvinnu í öllum starfsstöðum Leikskóla Reykjavíkur á árinu 2004.



HELSTU VIÐ-
FANGSEFNI
ÁRIÐ 2002

## Náms- og kynnisferð

Í október var 10 leikskólastjórum boðið í náms- og kynnisferð til New York. Sótt var ráðstefna á vegnum NAYEC, sem eru samtök félaga, skóla og fagfólks sem sinna kennslu yngri barna í Norður Ameríku. Ferðin var hin ánægjulegasta og mjög fróðleg, en fyrir liggur skýrsla og upplýsingar um ferðina á bókasafni Leikskóla Reykjavíkur.

## Námsleyfi

Tíu starfsmenn hlutu launað námsleyfi skólaárið 2002 – 2003 alls í 75 mánuði. Flestir starfsmannanna stunduðu framhaldsnám við Kennaraháskóla Íslands.

## Stefnumiðað árangursmat

Í mars var lögð fram skýrsla um mat á árangri á framtíðarsýn til ársins 2002, sem unnið var að frá árinu 1995 í öllum deildum og sviðum Leikskóla Reykjavíkur.

Má segja að starfsmenn hafi unnið ötullega að þeirri sýn sem þar var mörkuð fyrir árið 2002, en góðar ábendingar komu fram í árangursmatinu. Mun sú vinna gagnast vel áfram, en Reykjavíkurborg hefur lagt fram stefnu um samræmt árangursmat, sem unnið er að hjá Leikskólum Reykjavíkur sem og öðrum stofnunum borgarinnar og mun verða birt í starfsáætlun næsta árs.

Í febrúar var lögð fram skýrsla starfshóps vegna eldri barna í leikskólum, með tilliti til tengsla leik- og grunnskóla. Leikskólaráð skipaði starfshóp í september sem ætlað er að koma með tillögur um samþættingu leik- og grunnskóla með sérstaka áherslu á kennslu 5 ára barna.

## Gæsluleikvellir

Starfræktir voru 14 gæsluleikvellir á árinu 2002 og voru heimsóknir rúmlega 63 þúsund talsins, en það er um 63% heimsókna ársins 2001.

Vegna samdráttar í starfsemi gæsluleikvalla Reykjavíkurborgar var í nóvember stofnaður starfshópur til að gera tillögur um framtíðarskipan gæsluleikvalla borgarinnar.



Leikskólastjórar í náms- og kynnisferð í New York.



HELSTU VIÐFANGSEFNI ÁRIÐ 2002

## Þjónustumiðstöðvar

Í árslok var samþykkt í borgarráði tillaga borgarstjóra um að útfærðar verði hugmyndir um þjónustumiðstöðvar sem stofnaðar verði og starfræktar í einstökum borgarhlutum. Markmið með slíkum þjónustumiðstöðvum er að færa þjónustuna nær þeim sem hana nota til hagræðis fyrir íbúa borgarinnar.

Leikskólar Reykjavíkur tóku fyrir nokkrum árum þátt í stofnun Miðgarðs og síðar Vesturgarðs á árinu 2001. Var það gert með samningi Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, Íþrótta- og tómstundaráðs og Leikskóla Reykjavíkur. Fyrirhuguð er enn frekari útfærsla á slíkum hverfamiðstöðvum.

## Nýir leikskólar – byggingaframkvæmdir

Á árinu var gengið frá stofnun og hlutverki Fasteignastofu Reykjavíkur, en Fasteignastofa hefur umsjón með byggingu og rekstri allra fasteigna borgarinnar og útleigu þeirra til stofnana. Gengið var endanlega frá samningi um leigu Leikskóla Reykjavíkur á húsnæði leikskóla í janúar 2003.

Litlar breytingar eru á samskiptum og hlutverkum og er náin samvinna um byggingu leikskóla og viðhalds eldra húsnæðis eins og verið hefur.

Nýir leikskólar eru Klambrar, fjögurra deilda leikskóli við Háteigsveg og Maríuborg, fjögurra deilda leikskóli við Maríubaug í Grafarholti. Klambrar eru byggðir í samvinnu við Byggingafélag námsmanna sem er með íbúðir fyrir félagsmenn í sama húsi. Ingibjörg Kristleifsdóttir var ráðin leikskólastjóri og er reiknað með 88 börnum samtímis í skólanum.

Maríuborg er 650 m$^2$, byggður á grundvelli alútboðs. Guðný Hjálmarsdóttir var ráðin leikskólastjóri og er gert ráð fyrir 88 börnum samtímis í skólanum.

Byggðar voru tvær deildir við leikskólann Jöklaborg í Seljahverfi og ein deild við leikskólann Dvergastein við Seljaveg. Þá var byggt eldhús og ein deild við leikskólann Furuborg í Fossvogshverfi. Við þá viðbyggingu batnaði aðstaða barna og starfsfólks í skólanum til muna.

Þá var sett upp færanleg stofa á lóð leikskólans Hamra í Víkurhverfi. Með þessum viðbyggingum bættust við um 110 heilsdagspláss, en alls bættust við um 290 heilsdagspláss á árinu vegna nýbygginga.

### Kostnaður við framkvæmdir árið 2002

| Framkvæmdakostnaður | |
|---|---|
| Jöklaborg, viðbygging | 35.415.022 |
| Endurbætur vegna eldvarnarmála | 29.448.601 |
| Endurbygging leikskólalóða | 32.494.993 |
| Breytingar og endurbætur í leikskólum | 34.302.875 |
| Dvergasteinn, viðbygging | 25.244.057 |
| Leikskólinn Klambrar | 54.445.117 |
| Furuborg, viðbygging | 48.172.513 |
| Nýr leikskóli á Kjalarnesi | 667.790 |
| Leikskólinn Maríuborg | 66.209.189 |
| Hamrar, færanleg deild | 4.747.074 |
| **Samtals** | **331.147.231** |

# *REKSTRARSVIÐ*

Rekstrarsvið samanstendur af fjórum megindeildum, þ.e. þjónusta, bókhald og innheimta, launa- og kjaramál og tæknimál.
Meginverkefni rekstrarsviðs er gerð starfs- og fjárhagsáætlunar stofnunarinnar, innritun leikskólabarna, bókhald, launaafgreiðsla, innheimta leikskólagjalda og umsjón með tölvu- og tæknimálum.
Starfsmenn á rekstrarsviði voru 21 á árinu 2002 og skiptu þannig með sér verkum: Fjármálastjóri hafði yfirumsjón með samhæfingu á sviðinu og stjórnaði gerð fjárhagsáætlunar og eftirliti með henni. Ný staða fjárreiðustjóra var auglýst og var Hallur Símonarson sem gegnt hafði fjármálastjórastöðunni í afleysingum ráðinn í starfið. Í launadeild voru þrír starfsmenn. Auk skrifstofustjóra sáu tveir starfsmenn um bókhald allra stofnana sem heyra undir Leikskóla Reykjavíkur. Þrír starfsmenn unnu við innheimtu leikskólagjalda. Deildarstjóri þjónustudeildar hafði umsjón með kynningarmálum, auk þess að sjá um samræmingu innritunarmála ásamt tveimur öðrum starfsmönnum. Tveir starfsmenn unnu við símavörslu og móttöku viðskiptavina. Þá tilheyrir ritari framkvæmdastjóra sviðinu þrátt fyrir að hann sinni verkefnum tengdum öllum deildum. Á árinu var Hjörtur Heiðdal, tölvufræðingur, ráðinn í tæknideild og tilheyra þá tveir starfsmenn deildinni. Ræsting skrifstofunnar er í höndum tveggja einstaklinga.



# Fjármál

## Innheimta

Leikskólagjöld námu á árinu kr. 1086 milljónum og voru gjöld á gæsluleikvöllum kr. 7 milljónir. Innheimta leikskólagjalda er unnin í samvinnu við SPRON, innheimtufyrirtækið Intrum Justitia og Lögfræðistofu Reykjavíkur. Leikskólagjöld eru að stærstum hluta innheimt með heimsendum greiðsluseðlum.

Á haustmánuðum var unnið að því að koma kröfum vegna leikskólagjalda í sameiginlegan kröfupott bankanna. Um áramót urðu þáttaskil hvað innheimtu leikskólagjalda snertir og geta viðskiptavinir okkar nú greitt leikskólagjöld vegna barna sinna í heimabanka, óháð eigin viðskiptabanka. Jafnframt opnast sá möguleiki að allir viðskiptavinir geta óskað eftir því að greiða leikskólagjöldin með beingreiðslum, en áður var það bundið við viðskiptavini sparisjóðanna.

REKSTRARSVIÐ

Vegna fyrrnefndra breytinga í heimabankaþjónustu var samningi sem gerður hafði verið við Netskil hf. um rafrænar greiðslur í gegnum heimabanka, sagt upp.

Greiðslumöguleikar á leikskólagjöldum eru nú eftirfarandi; greiðsluseðill, boðgreiðsla, beingreiðsla og greiðsla í heimabanka.

Á árinu 2002 var skipting milli rafrænna greiðslna og greiðsluseðla þannig að 75% var innheimt með greiðsluseðlum og 25% með boð- eða beingreiðslum. Með opnun nýrra möguleika standa vonir til þess að hlutur rafrænna greiðslna aukist til muna í framtíðinni.

## Rekstrarstyrkir til einkarekinna leikskóla

Á árinu 2001 var samþykkt að greiða einkareknum leikskólum húsnæðisstyrk sem miðast við fermetra húss og greiddur er mánaðarlega.

Í ársbyrjun voru einkareknir leikskólar sextán talsins. Börn á einkareknum leikskólum í árslok árið 2002 voru 623 og námu greiðslur vegna rekstrarstyrkja samtals kr. 213 milljónum og húsnæðisstyrkja kr. 19,4 milljónum.

Greitt er með börnum eftir hjúskaparstöðu foreldra og nam greiðslan í árslok kr. 24.350 með börnum giftra og sambúðarfólks og kr. 39.700 hjá einstæðum foreldrum og námsmönnum (báðir foreldrar í námi). Þá var á árinu 2002 tekið tekið upp námsmannagjald þar sem annað foreldrið er í námi og nemur sá styrkur kr. 31.000 á mánuði. Veittur er systkinaafsláttur og nemur hann kr. 5.000 miðað við heilsdagsvistun á systkin umfram eitt.

## Niðurgreiðslur vegna daggæslu í heimahúsi

Börnum hjá dagforeldrum hefur fækkað umtalsvert enda uppbygging leikskóla í fullum gangi. Á árinu voru um 980 börn hjá 220 dagforeldrum, en á árinu 2001 voru þau ríflega 1400.

Greitt er með börnum eftir hjúskaparstöðu foreldra og nam greiðslan í árslok kr. 11.000 með börnum giftra og sambúðarfólks og kr. 23.760 hjá einstæðum foreldrum og námsmönnum (báðir foreldrar í námi). Þá var tekið tekið upp námsmannagjald þar sem annað foreldrið er í námi og nemur sá styrkur kr. 16.000 á mánuði.

Árið 2002 námu niðurgreiðslur vegna daggæslu í heimahúsum kr. 180 milljónum.

# Kjaramál

Hjá Leikskólum Reykjavíkur er starfandi sérhæfð launadeild með þremur launafulltrúum sem sjá um útreikning launa allra starfsmanna stofnunarinnar, rúmlega 1800 talsins. Auk þess að reikna út laun veita launafulltrúar leikskólastjórum ráðgjöf og upplýsingar um efni kjarasamninga.

Nýtt launa- og starfsmannakerfi, Oracle, hefur verið í smíðum og var mikil vinna lögð í undirbúning að innleiðingu þess. Leysir það af hólmi launakerfi sem hefur verið í notkun undanfarin 25 ár. Nýja kerfið var tekið í notkun um áramótin 2002/2003. Námskeið voru sótt í tengslum við nýja kerfið sem er sameiginlegt fyrir allar borgarstofnanir Reykjavíkur.

Vinna launafulltrúa hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár með fjölgun leikskóla og er horft með eftirvæntingu til nýs launakerfis.

## Heildarlaunagreiðslur

Launagreiðslur hjá Leikskólum Reykjavíkur jukust á árinu 2002 um 249 milljónir og námu í heildina tæplega 3,2 milljörðum. Tveir fjögurra deilda leikskólar tóku til starfa á árinu, ásamt viðbyggingum við þrjá leikskóla sem kallaði á um 50 ný stöðugildi. Þá lögðu kjarasamningar við Félag leikskólakennara grunninn að því að fjölgun barna í leikskólum varð meiri en ráð var fyrir gert. Samningarnir fólu meðal annars í sér breytingar á fermetrum pr. barn úr 7 í 6,5 og eins að tíu fimm ára börn eru nú á hvern starfsmann í stað átta.

# Rekstur

## Bókhald

Bókhaldskerfið Agresso er notað við færslu bókhalds og miðlun bókhaldsupplýsinga. Á árinu var undirbúningur í fullum gangi við að koma viðskiptamannabókhaldi inn í Agresso og var fyrsta keyrsla inn í nýtt kerfi gerð um áramót 2002/2003.

Allir reikningar hinna ýmsu eininga, 45 þúsund talsins, eru móttökuskráðir og bókaðir til greiðslu af starfsfólki bókhalds. Fjárhæð samþykktra reikninga nam á árinu 2002 samtals kr. 1.051 milljón og hækkaði um 61 milljón milli ára, fyrst og fremst vegna stóraukinna rekstrarstyrkja til einkarekinna leikskóla, en jafnframt vegna viðbótarreksturs og almennra verðhækkana. Fjárhæð reikninga vegna reksturs nam kr. 633 milljónum eða 4,3% hærri en árið áður. Eins og áður er unnið með Innkaupastofnun Reykjavíkur að útboðum og verðkönnunum til að ná fram sem hagstæðustum innkaupum.

**Í desember 2002 var skipting greiðslumáta eftirfarandi.***

Vegna breytinga á innheimtukerfi Leikskóla Reykjavíkur er skipting greiðslumáta nú eftir fjölda greiðsluseðla, en var áður eftir fjölda barna.

| | Fjöldi seðla | Hlutfall |
|---|---|---|
| Greiðsluseðlar | 3089 | 60% |
| Greiðsluþjónusta | 805 | 15% |
| Beingreiðslur | 515 | 10% |
| Boðgreiðslur | 760 | 15% |
| | 5169 | 100,00% |

*Hluti greiðsluþjónustu fór beint í beingreiðsluform.



**Meðalkostnaður fyrir leikskólapláss á árinu 2002 að meðtöldum sameiginlegum kostnaði**

| | |
|---|---|
| 5 stundir án hádegismatar | 316.002 |
| 6 stundir með hádegismat | 454.656 |
| 8,5 stundir með fæði | 644.902 |

**Gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur 1/8 2001 - 31/12 2002**

| Klst. | Gjald I | Gjald II | Gjald III |
|---|---|---|---|
| 4 | 10.900 | 9.200 | 9.000 |
| 5 | 13.600 | 10.900 | 10.100 |
| 6 | 19.600 | 13.000 | 11.100 |
| 8 | 25.000 | 18.900 | 12.900 |
| 9 | 27.700 | 19.900 | 14.200 |

Gjald I greiða giftir foreldrar og sambúðarfólk.
Gjald II greiða foreldrar þar sem annað foreldri er í námi eða er öryrki
Gjald III greiða einstæðir foreldrar, foreldrar sem báðir eru í námi eða báðir foreldrar eru öryrkjar.
Systkinaafsláttur er 33% með 2. barni og 75% með 3. barni.
Matur og hressing er innifalin í öllum gjaldflokkum hér að ofan.



## Tölvu- og tæknimál

Meginverkefni tæknideildar er notendaþjónusta við alla tölvunotendur stofnunarinnar, um 330 talsins. Meðal verkefna er einnig þarfagreining vél- og hugbúnaðar á skrifstofu og öllum leikskólunum, gerð verðkannana og umsjón með tölvum og tölvutengdum búnaði stofnunarinnar.

Eins og fyrr segir fjölgaði starfsmönnum tæknideildar um helming á árinu og ljóst að þjónustustigið mun hækka í samræmi við það, auk þess sem ýmis þjónusta sem áður var aðkeypt verður framvegis leyst af hendi innan tæknideildar.

Unnið var að undirbúningi innleiðingar forritsins Stundvísi. Samningur var undirritaður við Mentor um kaup, uppsetningu og þjónustu á forritinu fyrir alla leikskólana. Áætlað er að innleiðingu á Stundvísi ljúki á þriðja ársfjórðungi 2003.

Lengi hefur verið í undirbúningi að bæta nettengingu leikskólanna og búa svo um að þeir geti verið sítengdir. Fyrir valinu varð ADSL búnaður Símans hf. og hófst uppsetning á búnaðinum í desember. Það nýmæli fylgir nettengingunni að leikskólarnir tengjast nú beint inn á Borgarnetið. Um áramót var búið að tengja 27 leikskóla og er stefnt að því að ljúka verkefninu árið 2003. Í nóvember var keyptur öflugur póstþjónn á tölvudeild skrifstofunnar. Fer nú öll póstþjónusta við skrifstofu og leikskóla í gegnum tölvudeildina. Einnig var á seinni hluta ársins unnið að því að uppfæra tengibúnað í Hafnarhúsinu til þess að mæta stóraukinni netumferð til og frá húsinu.

Á árinu voru endurnýjaðar 107 tölvur hjá stofnuninni. Flestar fóru til leikskólastjóra og í starfsmannarými á leikskólunum, en einnig var nokkur endurnýjun á skrifstofu.

**Aldursskipting barna í einkareknum leikskólum í desember 2002.**

| Leikskóli | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Efrihlíð | | | | 2 | 18 | 2 | 22 |
| Fossakot | 12 | 8 | 14 | 21 | 18 | 2 | 75 |
| Höfn | 6 | 4 | 11 | 3 | 4 | | 28 |
| KFUM og K | 10 | 12 | 12 | 14 | 2 | | 50 |
| Korpukot | | | 3 | 41 | 36 | 2 | 82 |
| Listakot | 9 | 3 | 3 | 3 | 19 | 1 | 38 |
| Lundur | | | | 2 | 22 | 3 | 27 |
| Olgukot | | | | | 21 | 4 | 25 |
| Ós | 4 | 3 | 11 | 4 | 1 | | 23 |
| Óskasteinn | | | 1 | 3 | 12 | | 16 |
| Skerjakot | 11 | 6 | 9 | 7 | 10 | | 43 |
| Sólgarður | | | | 1 | 31 | 17 | 49 |
| Sólstafir | 3 | 6 | 6 | 9 | 3 | | 27 |
| Sælukot | 8 | 6 | 9 | 5 | | | 28 |
| Vinagerði | | | 1 | 13 | 22 | | 36 |
| Vinaminni | 4 | 6 | 5 | 10 | 12 | 2 | 39 |
| Utan Reykjavíkur | 4 | 4 | 6 | 1 | | | 15 |
| **Samtals** | **71** | **58** | **91** | **139** | **231** | **33** | **623** |

## REKSTRARKOSTNAÐUR LEIKSKÓLA REYKJAVÍKUR ÁRIN 1999 - 2002

*Tölur eru í þúsundum króna.*

| | | Árið 2002 | Árið 2001 | Árið 2000 | Árið 1999 |
|---|---|---|---|---|---|
| **GJÖLD:** | | | | | |
| Leikskólar 4 - 9 stundir | | **3,371,436** | 3,099,097 | 2,588,350 | 2,160,615 |
| Sameiginlegur kostnaður | | **118,093** | 104,971 | 88,770 | 86,494 |
| Börn með sérþarfir | | **160,606** | 147,211 | 106,220 | 133,540 |
| **Alls vegna leikskóla** | | **3,650,135** | **3,351,279** | **2,783,340** | **2,380,649** |
| Niðurgreidd daggæsla á einkaheimilum | | **180,591** | 192,334 | 187,024 | 164,151 |
| Umsjón með daggæslu á einkaheimilum | | **30,367** | 29,992 | 25,363 | 24,897 |
| Rekstrarstyrkir til annarra leikskóla | | **232,591** | 171,130 | 127,162 | 126,011 |
| Stofnstyrkir til einkarekinna leikskóla | | **64,173** | | | 25,939 |
| Styrkir | | **10,363** | 8,599 | 16,612 | 10,457 |
| Greiðslur til sveitarfélaga | | | | | 3,212 |
| Gæsluleikvellir | | **83,283** | 126,531 | 121,015 | 120,768 |
| | | **4,251,503** | 3,879,865 | 3,260,516 | 2,856,084 |
| **TEKJUR:** | | | | | |
| Greitt úr borgarsjóði til leikskóla | | **2,552,439** | 2,402,732 | 1,884,513 | 1,604,643 |
| Leikskólagjöld | 1,085,918 | | | | |
| Vextir | 11,778 | **1,097,696** | 948,547 | 898,827 | 776,006 |
| **Alls vegna leikskóla** | | **3,650,135** | **3,351,279** | **2,783,340** | **2,380,649** |
| Greiðslur frá sveitarfélögum | | | | | 11,756 |
| Gæsluleikvellir - borgarsjóður | 76,165 | | | | |
| Gæsluleikvellir - dvalargjöld | 7,118 | **83,283** | 126,531 | 121,015 | 120,768 |
| Borgarsjóður vegna annarrar daggæslu/styrkja | | **518,085** | 402,055 | 356,161 | 342,911 |
| | | **4,251,503** | 3,879,865 | 3,260,516 | 2,856,084 |




- Rekstur leikskóla 79%
- Rekstur gæsluleikvalla 2%
- Börn með sérþarfir 4%
- Sameiginlegur rekstrarkostnaður 3%
- Rannsóknar- og þróunarstyrkir 0%
- Rekstrarstyrkir til einkarekinna leikskóla 5%
- Stofnstyrkir til einkarekinna leikskóla 2%
- Styrkir vegna daggæslu í heimahúsum 5%

**Skipting rekstrarkostnaðar árið 2002**

| | |
|---|---|
| Rekstur leikskóla | 3.371.436 |
| Rekstur gæsluleikvalla | 83.283 |
| Börn með sérþarfir | 160.606 |
| Sameiginlegur rekstrarkostnaður | 118.093 |
| Rannsóknar- og þróunarstyrkir | 10.363 |
| Rekstrarstyrkir til einkarekinna leikskóla | 232.591 |
| Stofnstyrkir til einkarekinna leikskóla | 64.173 |
| Styrkir vegna daggæslu í heimahúsum | 210.958 |
| **Samtals** | **4.251.503** |

### Kostnaður og endurgreiðslur leikskóla árið 2002

| | Fjöldi dvalarstunda á dag | Framlag borgar | Leikskólagjöld | Alls | Hlutfall leikskólagjalda af heildarkostnaði |
|---|---|---|---|---|---|
| Arnarborg | 577 | 27.952.958 | 13.666.511 | 41.619.469 | 33% |
| Austurborg | 802 | 39.283.212 | 19.335.297 | 58.618.509 | 33% |
| Álftaborg | 499 | 23.431.046 | 12.812.356 | 36.243.402 | 35% |
| Árborg | 545 | 25.003.816 | 13.026.249 | 38.030.065 | 34% |
| Ásborg | 1020 | 42.706.160 | 25.158.632 | 67.864.792 | 37% |
| Bakkaborg | 995 | 50.563.508 | 22.188.553 | 72.752.061 | 30% |
| Barónsborg | 295 | 16.645.561 | 7.063.259 | 23.708.820 | 30% |
| Brákarborg | 429 | 20.994.131 | 11.647.184 | 32.641.315 | 36% |
| Brekkuborg | 719 | 29.173.252 | 18.306.940 | 47.480.192 | 39% |
| Drafnarborg | 289 | 16.704.801 | 6.653.473 | 23.358.274 | 28% |
| Engjaborg | 725 | 31.403.945 | 16.406.216 | 47.810.161 | 34% |
| Fálkaborg | 510 | 24.056.330 | 12.214.746 | 36.271.076 | 34% |
| Fellaborg | 454 | 22.009.408 | 8.836.111 | 30.845.519 | 29% |
| Fífuborg | 729 | 29.580.431 | 18.234.302 | 47.814.733 | 38% |
| Foldaborg | 553 | 28.126.654 | 13.256.264 | 41.382.918 | 32% |
| Foldakot | 396 | 17.655.794 | 10.743.999 | 28.399.793 | 38% |
| Funaborg | 477 | 23.100.815 | 12.376.060 | 35.476.875 | 35% |
| Garðaborg | 446 | 21.285.471 | 11.412.728 | 32.698.199 | 35% |
| Grandaborg | 528 | 24.468.943 | 12.924.644 | 37.393.587 | 35% |
| Grænaborg | 711 | 34.300.393 | 17.980.103 | 52.280.496 | 34% |
| Gullborg | 660 | 27.227.868 | 16.413.299 | 43.641.167 | 38% |
| Hagaborg | 839 | 35.184.255 | 21.466.810 | 56.651.065 | 38% |
| Hamraborg | 717 | 34.083.558 | 16.371.245 | 50.454.803 | 32% |
| Hálsaborg | 529 | 24.751.474 | 13.206.489 | 37.957.963 | 35% |
| Hálsakot | 440 | 20.463.316 | 12.091.725 | 32.555.041 | 37% |
| Heiðarborg | 708 | 29.929.347 | 19.154.307 | 49.083.654 | 39% |
| Hlíðaborg | 421 | 21.104.647 | 10.523.117 | 31.627.764 | 33% |
| Hlíðarendi | 193 | 14.726.738 | 3.885.181 | 18.611.919 | 21% |
| Hof | 751 | 31.743.642 | 18.635.842 | 50.379.484 | 37% |
| Holtaborg | 588 | 23.616.257 | 14.399.200 | 38.015.457 | 38% |
| Hólaborg | 596 | 27.812.769 | 13.943.207 | 41.755.976 | 33% |
| Hraunborg | 609 | 29.943.426 | 13.671.349 | 43.614.775 | 31% |
| Jöklaborg | 938 | 38.811.803 | 20.092.086 | 58.903.889 | 34% |
| Klettaborg | 531 | 23.017.334 | 14.240.542 | 37.257.876 | 38% |
| Kvarnaborg | 536 | 26.051.234 | 12.410.567 | 38.461.801 | 32% |
| Kvistaborg | 539 | 20.175.330 | 14.888.631 | 35.063.961 | 42% |
| Laufásborg | 808 | 39.659.789 | 20.124.339 | 59.784.128 | 34% |
| Laufskálar | 749 | 34.826.001 | 15.243.422 | 50.069.423 | 30% |
| Laugaborg | 836 | 36.870.418 | 19.362.348 | 56.232.766 | 34% |
| Leikgarður | 597 | 31.908.453 | 10.547.155 | 42.455.608 | 25% |
| Lindarborg | 548 | 25.108.758 | 12.558.244 | 37.667.002 | 33% |
| Lækjarborg | 537 | 23.644.809 | 13.233.473 | 36.878.282 | 36% |
| Mánagarður | 536 | 30.159.516 | 9.620.484 | 39.780.000 | 24% |
| Múlaborg | 675 | 37.529.400 | 15.775.408 | 53.304.808 | 30% |
| Mýri | 346 | 20.998.370 | 8.555.805 | 29.554.175 | 29% |
| Njálsborg | 412 | 22.924.532 | 9.752.325 | 32.676.857 | 30% |
| Nóaborg | 561 | 26.414.736 | 12.633.415 | 39.048.151 | 32% |
| Rauðaborg | 512 | 25.347.350 | 13.584.873 | 38.932.223 | 35% |
| Rofaborg | 690 | 32.090.513 | 17.462.400 | 49.552.913 | 35% |
| Seljaborg | 516 | 25.742.601 | 11.513.336 | 37.255.937 | 31% |
| Seljakot | 517 | 24.765.063 | 11.900.006 | 36.665.069 | 32% |
| Sólborg | 580 | 33.634.982 | 14.151.246 | 47.786.228 | 30% |
| Sólhlíð | 765 | 35.367.709 | 17.685.927 | 53.053.636 | 33% |
| Stakkaborg | 637 | 30.630.757 | 15.157.420 | 45.788.177 | 33% |
| Steinahlíð | 258 | 15.348.721 | 6.513.965 | 21.862.686 | 30% |
| Suðurborg | 1062 | 50.168.970 | 22.650.546 | 72.819.516 | 31% |
| Sunnuborg | 774 | 32.451.780 | 19.150.258 | 51.602.038 | 37% |
| Sæborg | 697 | 31.587.458 | 16.830.758 | 48.418.216 | 35% |
| Tjarnarborg | 378 | 21.426.868 | 9.410.956 | 30.837.824 | 31% |
| Vesturborg | 611 | 30.655.737 | 14.507.570 | 45.163.307 | 32% |
| Völvuborg | 460 | 24.268.253 | 10.220.800 | 34.489.053 | 30% |
| Ægisborg | 694 | 36.127.253 | 15.281.428 | 51.408.681 | 30% |
| Ösp | 526 | 28.388.618 | 9.702.166 | 38.090.784 | 25% |
| Jörfi | 868 | 37.547.905 | 22.348.329 | 59.896.234 | 37% |
| Hulduheimar | 784 | 32.724.052 | 17.059.832 | 49.783.884 | 34% |
| Dvergasteinn | 539 | 21.260.260 | 11.214.160 | 32.474.420 | 35% |
| Kátakot | 209 | 12.274.430 | 5.046.874 | 17.321.304 | 29% |
| Sólbakki | 315 | 19.327.584 | 7.828.589 | 27.156.173 | 29% |
| Sjónarhóll | 592 | 25.209.744 | 13.535.376 | 38.745.120 | 35% |
| Lyngheimar | 781 | 26.495.367 | 19.396.611 | 45.891.978 | 42% |
| Öldukot | 362 | 22.897.738 | 8.393.395 | 31.291.133 | 27% |
| Furuborg | 551 | 19.540.540 | 10.741.349 | 30.281.889 | 35% |
| Skógarborg | 296 | 18.672.637 | 7.233.593 | 25.906.230 | 28% |
| Blásalir | 750 | 31.255.488 | 17.777.015 | 49.032.503 | 36% |
| Hamrar | 941 | 32.252.133 | 21.078.871 | 53.331.004 | 40% |
| Klambrar | 711 | 25.703.363 | 8.015.220 | 33.718.583 | 24% |
| Maríuborg | 718 | 7.962.777 | 2.124.288 | 10.087.065 | 21% |
| **Alls** | **45.993** | **2.118.261.060** | **1.064.560.799** | **3.182.821.859** | **33%** |
| Sameiginlegur kostnaður leikskóla | | 174.737.487 | | 174.737.487 | |
| Skrifstofukostn.,auglýs.,tryggingar ofl. | | 118.093.000 | | 118.093.000 | |
| **Samtals** | | **2.411.091.547** | **1.064.560.799** | **3.475.652.346** | **31%** |
| Börn með sérþarfir | | 160.606.000 | | 160.606.000 | |
| | | **2.571.697.547** | **1.064.560.799** | **3.636.258.346** | **29%** |

# Þjónusta

## Verksvið

Þjónustu- og upplýsingadeild annast þjónustu við foreldra og leikskóla vegna innritunar í leikskóla og veitir upplýsingar um þjónustu Leikskóla Reykjavíkur. Deildin hefur umsjón með afgreiðslu, símavörslu á skrifstofu í Hafnarhúsinu og yfirumsjón með upplýsinga- og kynningamálum stofnunarinnar. Starfsmenn á þjónustudeildar voru 5 og skiptu þannig með sér verkum. Þjónustustjóri hefur yfirumsjón með afgreiðslu og innritun barna í leikskóla. Auk þess hefur hann yfirumsjón með kynningar- og upplýsingamálum stofnunarinnar. Tveir móttökuritarar í afgreiðslu sjá um símavörslu á skrifstofu. Þrír starfsmenn sjá um innritun í leikskóla og upplýsa foreldra um stöðu biðlista í hverjum leikskóla.





**Leikskóla- og dagvist barna á aldrinum 1 - 5 ára í Reykjavík í desember 2002**

| Árgangur | 1997<br>5 ára* | 1998<br>4ra ára | 1999<br>3 ára | 2000<br>2 ára | 2001<br>1 árs | Alls | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskólar borgarinnar | 1.336 | 1487 | 1400 | 1366 | 183 | 5.772 | 72% |
| Einkareknir leikskólar | 71 | 58 | 91 | 139 | 231 | 590 | 7% |
| Dagmæður | 8 | 8 | 6 | 77 | 678 | 777 | 10% |
| Utan dagvistar | 99 | 9 | 37 | 138 | 573 | 856 | 11% |
| Fjöldi barna 1-5 ára des. 2002 | 1.514 | 1.562 | 1.534 | 1.720 | 1.665 | 7.995 | |
| Hlutf. barna í leikskólum | 92,93% | 98,91% | 97,20% | 87,50% | 24,86% | 79,57% | 100,00% |
| Hlutf. barna í leikskólum og dagv. | 93,46% | 99,42% | 97,59% | 91,98% | 65,59% | 89,29% | |

*Ath. Fimm ára börn í Ísaksskóla og Landakotsskóla alls 89 eru ekki meðtalin

Hverfamiðstöðin Vesturgarður var opnuð í mars 2002 og fluttist þá hálft stöðugildi innritunarfulltrúa þangað. Starfsmaðurinn í Vesturgarði sér um afgreiðslu og innritun barna í leikskóla í vesturbæ og upplýsingar til foreldra. Innritunarfulltrúi starfar í Miðgarði og sér um innritun í leikskólana í Grafarvogi. Innritunarfulltrúarnir í Miðgarði og Vesturgarði eru í nánu samstarfi við innritunarfulltrúa og þjónustustjóra Leikskóla Reykjavíkur. Samstarfsfundir eru haldnir reglulega, a.m.k. fjórum sinnum á ári.



REKSTRARSVIÐ

## Afgreiðsla

Tekið er á móti umsóknum um leikskóladvöl í afgreiðslu skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur og í leikskólunum. Móttökuritarar í afgreiðslu Leikskóla Reykjavíkur sjá um að skrá þær. Einnig er hægt að sækja um leikskóladvöl á heimasíðu Leikskóla Reykjavíkur www.leikskolar.is. Rúmlega 70% allra umsókna um leikskólapláss berast rafrænt. Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að fjölskylda þess eigi lögheimili í Reykjavík.
Árið 2002 bárust samtals 2197 umsóknir um leikskóladvöl í leikskóla Reykjavíkurborgar.

**Fjöldi barna 0-5 ára í Reykjavík, fjöldi umsókna og fjöldi nývistaðra barna sl. 6 ár.**

| Ártal | 0-5 ára | Umsóknir | Vistun |
|---|---|---|---|
| 1997 | 10.115 | 2.249 | 2.002 |
| 1998 | 9.952 | 2.149 | 1.951 |
| 1999 | 9.872 | 2.182 | 2.289 |
| 2000 | 9.827 | 2.169 | 1.611 |
| 2001 | 9.874 | 2.070 | 2.542 |
| 2002 | 9.507 | 2.197 | 2.150 |

Taflan sýnir fjölda nýrra umsókna og fjölda nývistaðra barna í leikskólunum síðastliðin 6 ár. Hún sýnir einnig fjölda barna 0-5 ára að aldri í Reykjavík á þessum árum.

Fjöldi innhringinga í skiptiborð var 32.218 og er það fækkun um rúmlega 3.200 innhringingar á milli ára. Starfsmenn skrifstofu hafa beinan síma og talhólf, þannig að hluti af símhringingum fer ekki í gegnum skiptiborð í afgreiðslu. Heildarfjöldi inn- og úthringinga frá skrifstofu á árinu var 157.826 hringingar.
Notkun tölvupósts hefur færst í vöxt, sérstaklega er varðar upplýsingar varðandi innritun barna í leikskóla. Sú þróun hefur vissulega haft áhrif á fjölda inn- og úthringinga á skrifstofu.

## Innritun

Innritun barna í leikskóla á sér fyrst og fremst stað yfir sumartímann, en þá yfirgefa elstu börnin leikskólann og hefja grunnskólanám.
Á árinu náðist það takmark að bjóða öllum tveggja ára börnum leikskólavist. Í nýjum hverfum er enn þá ekki hægt að bjóða öllum tveggja ára börnum leikskóladvöl í sínu hverfi, en þess í stað er boðið upp á leikskóladvöl í öðrum leikskólum utan hverfisins.
Í nokkrum rótgrónari hverfum er yngri en tveggja ára börnum boðið upp á leikskóladvöl.

## Kynningarmál

Kynningarhópur sem samanstendur af starfsmönnum mismunandi deilda á skrifstofu og leikskólastjóra hittist mánaðarlega og leggur fram tillögur að kynningarmálum stofnunarinnar. Helstu verkefni í kynningarmálum á árinu voru eftirfarandi:

### *Heimasíða og innri vefur*

Heimasíða Leikskóla Reykjavíkur var opnuð árið 1999. Hún hefur auðveldað aðgengi að upplýsingum um stofnunina. Á vefsíðunni er að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi Leikskóla Reykjavíkur. Einnig er hægt að sækja rafrænt um störf hjá stofnuninni og um leikskóladvöl.
Fulltrúi frá Leikskólum Reykjavíkur tók þátt í undirbúningsvinnu vegna sameiginlegs innri vefs allra stofnana Reykjavíkurborgar.

### *Endurnýjun á Möppunni minni*

Mappan sem nefnd hefur verið Mappan mín er afhent foreldrum þegar börn þeirra byrja í leikskóla. Í möppunni er að finna kynningarefni um leikskólann, auk þess sem henni er ætlað að halda utan um allt efni sem fylgir leikskóladvöl barnsins, allt frá fréttabréfum leikskólans til teikninga barnsins.



### *Upplýsingar til foreldra leikskólabarna af erlendum uppruna.*

Á fimmta hundrað barna af erlendum uppruna dvöldu í leikskólum borgarinnar árið 2002 og þess vegna nauðsynlegt að hafa tiltækar upplýsingar fyrir foreldra þessara barna. Á árinu var haldið áfram að vinna að aðgengilegum upplýsingum um þjónustu og starfsemi Leikskóla Reykjavíkur fyrir þennan hóp.

Bæklingur til foreldra leikskólabarna af erlendum uppruna var endurskoðaður og bætt við fjórum erlendum þýðingum, en hann hafði áður komið út á 6 tungumálum.

Upplýsingabæklingurinn er til á albönsku, arabísku, dönsku, ensku, pólsku, rússnesku, spænsku, tælensku, víetnömsku og þýsku.

Þýðing á heimasíðu Leikskóla Reykjavíkur yfir á ensku hófst á árinu. Auk þess voru nauðsynlegustu umsóknareyðublöð þýdd yfir á ensku.

### *Móttaka gesta*

Móttökustjórn tók til starfa vegna móttöku innlendra sem erlendra gesta. Það færist stöðugt í vöxt að haft sé samband við Leikskóla Reykjavíkur þar sem óskað er eftir kynningu á starfsemi stofnunarinnar. Verklagsreglur voru mótaðar fyrir móttökustjórn, en í henni sitja fulltrúar úr kynningarhópi, auk ritara framkvæmdastjóra.

Tvö fréttabréf til starfsmanna voru gefin út á árinu, auk venjubundinna frétta af starfseminni sem birtist á heimasíðu Leikskóla Reykjavíkur, www.leikskolar.is

## Skjalastjórnun

Öll skjöl Leikskóla Reykjavíkur eru skráð og skönnuð inn í GoPro skjalastjórnunarkerfi. Þar með eru virk skjöl stofnunarinnar aðgengileg starfsfólki á miðlægu rafrænu formi, en markmiðið með skjalastjórnunarkerfinu er m.a. að skjölin finnist hratt og örugglega og séu öllum starfsmönnum aðgengileg sem á þurfa að halda.

Unnið hefur verið að þróun sérlausna í GoPro skjalastjórnunarkerfinu fyrir ráðgjafa- og sálfræðideild. Einnig hófst hönnun á sérlausnum í GoPro skjalastjórnunarkerfinu fyrir daggæsluráðgjafa.

Skjalastjóri tekur þátt í starfi samstarfshóps Reykjavíkurborgar um GoPro skjalastjórnunarkerfið og skjalamál. Fundir eru haldnir mánaðarlega. Auk þess funda skjalastjórar innan Sambands íslenskra sveitarfélaga tvisvar á ári.

REKSTRARSVIÐ

**Börn á skrá um leikskóladvöl áramótin 2002/2003 eftir hverfum og dvalartíma.**

| Hverfi | Heilsdags leikskóladvöl<br>Börn 1-5 ára | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | Alls | 4-6 stunda leikskóladvöl<br>1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | Alls | Samtals | Hlutfall 1- 5 ára barna á biðlista í hverfi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1,1 Gamli Vesturbær | 365 | 0 | 0 | 1 | 1 | 43 | **45** | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | **5** | **50** | 14% |
| 1,2 Vesturbær-syðri | 775 | 1 | 1 | 3 | 7 | 92 | **105** | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 | **9** | **114** | 15% |
| 2,1 Austurbær | 443 | 0 | 0 | 3 | 3 | 68 | **75** | 0 | 0 | 0 | 1 | 12 | **13** | **88** | 20% |
| 2,2 Norðurmýri | 345 | 0 | 0 | 1 | 0 | 16 | **17** | 0 | 0 | 0 | 2 | 5 | **7** | **24** | 7% |
| 2,3 Hlíðar | 316 | 0 | 0 | 2 | 6 | 60 | **68** | 0 | 0 | 0 | 1 | 9 | **10** | **78** | 25% |
| 3,1 Laugarnes | 321 | 0 | 0 | 0 | 4 | 58 | **62** | 0 | 0 | 0 | 2 | 9 | **11** | **73** | 23% |
| 3,2 Laugaráshverfi | 375 | 0 | 0 | 1 | 6 | 32 | **39** | 0 | 0 | 0 | 2 | 8 | **10** | **49** | 13% |
| 3,3 Heimar - Vogar | 225 | 1 | 1 | 2 | 5 | 38 | 47 | 0 | 1 | 1 | 4 | 6 | **12** | **59** | 26% |
| 4,1 Háaleiti | 171 | 0 | 0 | 0 | 3 | 47 | **50** | 0 | 0 | 0 | 2 | 6 | **8** | **58** | 34% |
| 4,2 Bústaðahverfi | 431 | 0 | 0 | 2 | 7 | 35 | **45** | 0 | 1 | 1 | 1 | 10 | **13** | **58** | 13% |
| 4,3 Fossvogur | 206 | 0 | 1 | 2 | 4 | 21 | **28** | 0 | 0 | 0 | 2 | 4 | **6** | **34** | 17% |
| 5,1 Ártúnsholt | 76 | 0 | 0 | 0 | 0 | 12 | **12** | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | **5** | **17** | 22% |
| 5,2 Árbær | 283 | 0 | 0 | 1 | 2 | 48 | **52** | 0 | 0 | 0 | 3 | 11 | **14** | **66** | 23% |
| 5,3 Seláshverfi | 251 | 0 | 0 | 0 | 1 | 28 | **29** | 0 | 0 | 1 | 1 | 14 | **16** | **45** | 18% |
| 6,1 Breiðholt I | 305 | 0 | 1 | 1 | 3 | 36 | **41** | 0 | 0 | 0 | 2 | 4 | **6** | **47** | 15% |
| 6,2 Breiðholt III | 668 | 1 | 2 | 1 | 2 | 55 | **62** | 1 | 0 | 0 | 0 | 22 | **23** | **85** | 13% |
| 6,3 Breiðholt II | 606 | 0 | 4 | 2 | 19 | 59 | **84** | 0 | 2 | 1 | 6 | 21 | **30** | **114** | 19% |
| 7,1 Hamrahverfi | 130 | 0 | 0 | 0 | 5 | 12 | **17** | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | **2** | **19** | 15% |
| 7,2 Foldahverfi | 205 | 1 | 1 | 1 | 11 | 32 | **48** | 0 | 0 | 0 | 3 | 10 | **13** | **61** | 30% |
| 7,3 Húsahverfi | 183 | 0 | 3 | 1 | 9 | 30 | **44** | 0 | 0 | 1 | 5 | 8 | **14** | **58** | 32% |
| 8,1 Rimahverfi | 420 | 0 | 2 | 1 | 15 | 53 | **78** | 0 | 0 | 1 | 3 | 18 | **23** | **101** | 24% |
| 8,2 Engjahverfi | 190 | 0 | 0 | 1 | 5 | 18 | **24** | 0 | 1 | 0 | 1 | 4 | **6** | **30** | 16% |
| 8,3 Víkurhverfi | 170 | 0 | 2 | 2 | 10 | 28 | **45** | 0 | 1 | 0 | 4 | 5 | **10** | **55** | 32% |
| 8,4 Borgarhverfi | 214 | 0 | 1 | 0 | 19 | 22 | **42** | 0 | 1 | 0 | 8 | 13 | **22** | **64** | 30% |
| 8,5 Staðahverfi | 152 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | 0 | 0 | 0 | | **0** | **0** | 0% |
| 9.1Grafarholt-vestra | 86 | 1 | 1 | 1 | 7 | | **9** | 0 | 1 | 1 | 0 | | **2** | **11** | 13% |
| 11,1Grundarhverfi | 41 | | | | | | | | | | | | | | |
| 11,2 Kjalarnes | 29 | 0 | 1 | 0 | 6 | | **12** | 0 | 0 | 0 | 4 | 2 | **6** | **18** | 62% |
| Óstaðsettir | 13 | | | | | | **0** | 0 | 0 | 0 | 4 | 2 | **6** | **18** | |
| **Alls** | **7995** | **5** | **21** | **29** | **160** | | **1180** | **1** | **9** | **7** | **57** | | **296** | **1476** | **18%** |

REKSTRARSVIÐ

**Leikskólarými í desember 2002**

| Hverfi | Íbúar des.00 | Börn 0-5 ára | Hlutfall barna | Leikskólar 8-9 st. Heiti | Rými | Leikskólar 4 - 6 st. Heiti | Rými samtals | Rými | Hlutfall 0-5 ára | Hlutfall m.v. 18 mán |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Vesturb. N** | **5.916** | 446 | 7,5% | Drafnarborg | 31 | Drafnarborg | 5 | | | |
| | | | | Dvergasteinn | 59 | Dvergasteinn | 6 | | | |
| | | | | Tjarnarborg | 42 | Tjarnarborg | 2 | | | |
| | | | | Öldukot | 41 | Öldukot | 1 | **187** | **42%** | **56%** |
| **Vesturb. S** | **10.146** | 944 | 9,3% | Grandaborg | 62 | Grandaborg | 3 | | | |
| | | | | Gullborg | 80 | Gullborg | 2 | | | |
| | | | | Hagaborg | 99 | Hagaborg | 1 | | | |
| | | | | Leikgarður | 67 | Leikgarður | 1 | | | |
| | | | | Mánagarður | 63 | Mánagarður | 0 | | | |
| | | | | Mýri | 40 | Mýri | 3 | | | |
| | | | | Sæborg | 79 | Sæborg | 5 | | | |
| | | | | Vesturborg | 69 | Vesturborg | 4 | | | |
| | | | | Ægisborg | 73 | Ægisborg | 7 | **658** | **70%** | **93%** |
| **Austurbær** | **8.243** | 560 | 6,8% | Barónsborg | 33 | Barónsborg | 6 | | | |
| | | | | Grænaborg | 80 | Grænaborg | 7 | | | |
| | | | | Laufásborg | 91 | Laufásborg | 10 | | | |
| | | | | Njálsborg | 47 | Njálsborg | 2 | | | |
| | | | | Lindarborg | 55 | Lindarborg | 11 | **342** | **61%** | **81%** |
| **Norðurmýri** | **6.032** | 418 | 6,9% | Nóaborg | 59 | Nóaborg | 9 | | | |
| | | | | Stakkaborg | 74 | Stakkaborg | 4 | | | |
| | | | | Klambrar | 75 | | 6 | **227** | **54%** | **72%** |
| **Hlíðar** | **4.543** | 394 | 8,7% | Hamraborg | 77 | Hamraborg | 15 | | | |
| | | | | Hlíðaborg | 47 | Hlíðaborg | 4 | | | |
| | | | | Sólbakki | 38 | Sólbakki | 4 | | | |
| | | | | Sólborg | 62 | Sólborg | 13 | | | |
| | | | | Sólhlíð | 84 | Sólhlíð | 10 | **354** | **90%** | **120%** |
| **Laugarnes** | **4.425** | 370 | 8,4% | Hof | 83 | Hof | 10 | | | |
| | | | | Laugaborg | 93 | Laugaborg | 8 | | | |
| | | | | Lækjarborg | 55 | Lækjarborg | 14 | **263** | **71%** | **95%** |
| **Áshverfi** | **5.408** | 450 | 8,3% | Ásborg | 107 | Ásborg | 21 | | | |
| | | | | Brákarborg | 44 | Brákarborg | 13 | | | |
| | | | | Hlíðarendi | 24 | Hlíðarendi | 0 | **209** | **46%** | **62%** |
| **Langholt** | **3.701** | 274 | 7,4% | Holtaborg | 64 | Holtaborg | 11 | | | |
| | | | | Steinahlíð | 28 | Steinahlíð | 4 | | | |
| | | | | Sunnuborg | 79 | Sunnuborg | 17 | **203** | **74%** | **99%** |
| **Háaleiti** | **2.899** | 204 | 7,0% | Álftaborg | 52 | Álftaborg | 12 | | | |
| | | | | Múlaborg | 72 | Múlaborg | 10 | **146** | **72%** | **95%** |
| **Bústaðahverfi** | **7.155** | 498 | 7,0% | Austurborg | 91 | Austurborg | 6 | | | |
| | | | | Garðaborg | 48 | Garðaborg | 7 | | | |
| | | | | Jörfi | 90 | Jörfi | 21 | **263** | **53%** | **70%** |
| **Fossvogur** | **3.826** | 240 | 6,3% | Furuborg | 59 | Furuborg | 8 | | | |
| | | | | Kvistaborg | 61 | Kvistaborg | 7 | | | |
| | | | | Skógarborg | 31 | Skógarborg | 1 | **167** | **70%** | **93%** |
| **Ártúnsholt** | **1.728** | 98 | 5,7% | Kvarnarborg | 51 | Kvarnarborg | 15 | **66** | **67%** | **90%** |
| **Árbær** | **4.111** | 341 | 8,3% | Árborg | 62 | Árborg | 4 | | | |
| | | | | Rofaborg | 72 | Rofaborg | 16 | **154** | **45%** | **60%** |
| **Selás** | **2.914** | 292 | 10,0% | Blásalir | 76 | Blásalir | 13 | | | |
| | | | | Heiðarborg | 69 | Heiðarborg | 26 | | | |
| | | | | Rauðaborg | 46 | Rauðaborg | 24 | **254** | **87%** | **116%** |
| **Breiðholt I** | **3.901** | 356 | 9,1% | Arnarborg | 58 | Arnarborg | 18 | | | |
| | | | | Bakkaborg | 102 | Bakkaborg | 22 | | | |
| | | | | Fálkaborg | 56 | Fálkaborg | 11 | **267** | **75%** | **100%** |
| **Breiðholt lll** | **9.155** | 787 | 8,6% | Fellaborg | 49 | Fellaborg | 6 | | | |
| | | | | Hólaborg | 54 | Hólaborg | 25 | | | |
| | | | | Hraunborg | 61 | Hraunborg | 16 | | | |
| | | | | Suðurborg | 101 | Suðurborg | 37 | | | |
| | | | | Völvuborg | 50 | Völvuborg | 7 | | | |
| | | | | Ösp | 56 | Ösp | 9 | **471** | **60%** | **80%** |
| **Breiðholt ll** | **8.478** | 708 | 8,4% | Hálsaborg | 51 | Hálsaborg | 19 | | | |
| | | | | Hálsakot | 44 | Hálsakot | 14 | | | |
| | | | | Jöklaborg | 96 | Jöklaborg | 22 | | | |
| | | | | Seljaborg | 56 | Seljaborg | 7 | | | |
| | | | | Seljakot | 53 | Seljakot | 11 | **373** | **53%** | **70%** |
| **Hamrahverfi** | **2.096** | 157 | 7,5% | Klettaborg | 51 | Klettaborg | 17 | **68** | **43%** | **58%** |
| **Foldahverfi** | **3.618** | 242 | 6,7% | Foldaborg | 56 | Foldaborg | 15 | | | |
| | | | | Foldakot | 36 | Foldakot | 19 | | | |
| | | | | Funaborg | 46 | Funaborg | 9 | **181** | **75%** | **100%** |
| **Húsahverfi** | **2.218** | 205 | 9,2% | Brekkuborg | 72 | Brekkuborg | 20 | | | |
| | | | | Sjónarhóll | 58 | Sjónarhóll | 9 | **159** | **78%** | **103%** |
| **Rimahverfi** | **3.854** | 492 | 12,8% | Fífuborg | 73 | Fífuborg | 20 | | | |
| | | | | Laufskálar | 73 | Laufskálar | 25 | | | |
| | | | | Lyngheimar | 73 | Lyngheimar | 33 | **297** | **60%** | **80%** |
| **Engjahverfi** | **1.903** | 217 | 11,4% | Engjaborg | 79 | Engjaborg | 17 | **96** | **44%** | **59%** |
| **Víkurhverfi** | **1.295** | 200 | 15,4% | Hamrar | 94 | Hamrar | 26 | **120** | **60%** | **80%** |
| **Borgarhverfi** | **1.635** | 244 | 14,9% | Hulduheimar | 71 | Hulduheimar | 33 | **104** | **43%** | **57%** |
| **Staðahverfi** | **1.238** | 175 | 14,1% | | | | | | | |
| **Grafarholt** | **858** | 101 | 11,8% | Maríubaugur | 55 | Maríubaugur | 7 | **62** | **61%** | **82%** |
| **Grundarhverfi** | **414** | 46 | 11,1% | Kátakot | 16 | Kátakot | 16 | **32** | **41%** | **55%** |
| **Kjalarnes** | **328** | 32 | 9,8% | | | | | | | |
| **Óhv.bundin** | **452** | 16 | 3,5% | | | | | | | |
| **Alls** | **112.490** | **9.507** | **8,5%** | **Heilsdagsrými** | **4824** | **Hálfsdagsrými** | **899** | **5723** | **60%** | **80%** |

REKSTRARSVIÐ

**Aldursskipting barna á Leikskólum Reykjavíkur um áramótin 2002-2003**

| | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | Alls | Þar af 7-9 stundir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Arnarborg | 18 | 20 | 17 | 15 | 6 | | 76 | 58 |
| Austurborg | 20 | 16 | 28 | 32 | 1 | | 97 | 91 |
| Álftaborg | 15 | 13 | 17 | 17 | 2 | | 64 | 52 |
| Árborg | 14 | 17 | 16 | 18 | 1 | | 66 | 62 |
| Ásborg | 29 | 35 | 34 | 30 | | | 128 | 107 |
| Bakkaborg | 24 | 21 | 35 | 36 | 8 | | 124 | 102 |
| Blásalir | 5 | 39 | 14 | 27 | 4 | | 89 | 76 |
| Barónsborg | 10 | 10 | 10 | 4 | 5 | | 39 | 33 |
| Brákarborg | 16 | 24 | 11 | 5 | 1 | | 57 | 44 |
| Brekkuborg | 24 | 23 | 24 | 18 | 3 | | 92 | 72 |
| Drafnarborg | 10 | 8 | 6 | 9 | 3 | | 36 | 31 |
| Dvergasteinn | 8 | 14 | 13 | 28 | 2 | | 65 | 59 |
| Engjaborg | 28 | 25 | 20 | 22 | 1 | | 96 | 79 |
| Fálkaborg | 18 | 16 | 15 | 10 | 8 | | 67 | 56 |
| Fellaborg | 14 | 8 | 16 | 13 | 4 | | 55 | 49 |
| Fífuborg | 24 | 18 | 22 | 23 | 6 | | 93 | 73 |
| Foldaborg | 10 | 23 | 21 | 13 | 4 | | 71 | 56 |
| Foldakot | 23 | 16 | 10 | 6 | | | 55 | 34 |
| Funaborg | 19 | 20 | 10 | 6 | | | 55 | 46 |
| Furuborg | 10 | 16 | 11 | 27 | 3 | | 67 | 59 |
| Garðaborg | 11 | 18 | 12 | 12 | 2 | | 55 | 48 |
| Grandaborg | 9 | 17 | 17 | 15 | 7 | | 65 | 62 |
| Grænaborg | 12 | 25 | 21 | 20 | 9 | | 87 | 80 |
| Gullborg | 15 | 28 | 18 | 20 | 1 | | 82 | 80 |
| Hagaborg | 25 | 34 | 18 | 20 | 3 | | 100 | 99 |
| Hamrar | 34 | 46 | 32 | 8 | | | 120 | 94 |
| Hamraborg | 18 | 23 | 24 | 22 | 5 | | 92 | 77 |
| Hálsaborg | 18 | 13 | 23 | 13 | 2 | 1 | 70 | 51 |
| Hálsakot | 21 | 16 | 10 | 11 | | | 58 | 44 |
| Heiðarborg | 18 | 17 | 26 | 28 | 4 | | 93 | 69 |
| Hlíðarborg | 8 | 13 | 12 | 17 | 1 | | 51 | 47 |
| Hlíðarendi | 0 | 0 | 0 | 13 | 11 | | 24 | 24 |
| Hof | 28 | 32 | 21 | 9 | 3 | | 93 | 83 |
| Holtaborg | 22 | 24 | 12 | 17 | | | 75 | 64 |
| Hólaborg | 22 | 18 | 24 | 12 | 3 | | 79 | 54 |
| Hraunborg | 15 | 30 | 11 | 17 | 4 | | 77 | 61 |
| Hulduheimar | 34 | 28 | 32 | 10 | | | 104 | 71 |
| Jöklaborg | 25 | 27 | 31 | 34 | 1 | | 118 | 96 |
| Jörfi | 34 | 35 | 22 | 18 | 2 | | 111 | 90 |
| Kátakot | 9 | 9 | 9 | 4 | 1 | | 32 | 16 |
| Klambrar | 7 | 8 | 15 | 47 | 4 | | 81 | 75 |
| Klettaborg | 21 | 19 | 18 | 10 | | | 68 | 51 |
| Kvarnarborg | 14 | 19 | 15 | 18 | | | 66 | 51 |
| Kvistaborg | 22 | 20 | 17 | 9 | | | 68 | 61 |
| Laufásborg | 20 | 24 | 29 | 26 | 2 | | 101 | 91 |
| Laufskálar | 29 | 25 | 26 | 17 | 1 | | 98 | 73 |
| Laugaborg | 25 | 22 | 31 | 19 | 4 | | 101 | 93 |
| Leikgarður | 11 | 16 | 13 | 22 | 6 | | 68 | 67 |
| Lindarborg | 12 | 16 | 14 | 19 | 5 | | 66 | 55 |
| Lyngheimar | 35 | 26 | 26 | 15 | 4 | | 106 | 73 |
| Lækjarborg | 25 | 22 | 14 | 8 | | | 69 | 55 |
| Mánagarður | 7 | 11 | 24 | 17 | 4 | | 63 | 63 |
| Maríuborg | 12 | 11 | 11 | 26 | 2 | | 62 | 55 |
| Múlaborg | 17 | 18 | 25 | 19 | 3 | | 87 | 72 |
| Mýri | 7 | 8 | 19 | 8 | 1 | | 43 | 40 |
| Njálsborg | 5 | 12 | 11 | 14 | 7 | | 49 | 47 |
| Nóaborg | 12 | 23 | 18 | 13 | 2 | | 68 | 59 |
| Rauðaborg | 15 | 21 | 17 | 16 | 1 | | 70 | 46 |
| Rofaborg | 16 | 25 | 20 | 27 | | | 88 | 72 |
| Seljaborg | 19 | 23 | 8 | 13 | | | 63 | 56 |
| Seljakot | 22 | 12 | 17 | 12 | 1 | | 64 | 53 |
| Sjónarhóll | 18 | 11 | 14 | 22 | 2 | | 67 | 58 |
| Skógarborg | 9 | 6 | 4 | 8 | 5 | | 32 | 31 |
| Sólbakki | 6 | 6 | 13 | 13 | | | 38 | 38 |
| Sólborg | 22 | 12 | 17 | 18 | 6 | | 75 | 62 |
| Sólhlíð | 15 | 24 | 25 | 23 | 7 | | 94 | 84 |
| Stakkaborg | 10 | 18 | 21 | 25 | 4 | | 78 | 74 |
| Steinahlíð | 8 | 5 | 11 | 8 | | | 32 | 28 |
| Suðurborg | 25 | 30 | 34 | 34 | 13 | 2 | 138 | 101 |
| Sunnuborg | 25 | 21 | 21 | 29 | | | 96 | 79 |
| Sæborg | 20 | 15 | 13 | 30 | 6 | | 84 | 79 |
| Tjarnarborg | 8 | 9 | 7 | 20 | | | 44 | 42 |
| Vesturborg | 10 | 14 | 22 | 18 | 9 | | 73 | 69 |
| Völvuborg | 13 | 18 | 12 | 13 | 1 | | 57 | 50 |
| Ægisborg | 13 | 11 | 16 | 29 | 11 | | 80 | 73 |
| Öldukot | 9 | 10 | 12 | 11 | | | 42 | 41 |
| Ösp | 18 | 15 | 10 | 14 | 8 | | 65 | 56 |
| **Samtals** | **1.299** | **1.441** | **1.365** | **1.369** | **240** | **3** | **5.657** | **4.822** |

# FAGSVIÐ

FAGSVIÐ

Fagsvið samanstendur af fjórum deildum, þ.e. starfsþróun, leikskólaráðgjöf, sálfræðiþjónustu og daggæslu, auk þess sem starfsemi gæsluleikvalla tilheyrir sviðinu.

Meginverkefni fagsviðs snerta uppeldis- og menntastarf leikskólanna, sérkennslu, sálfræðiþjónustu og framkvæmd starfsmanna- og fræðslustefnu stofnunarinnar, auk umsjónar með dagforeldrum sem hafa leyfi til þeirra starfa. Forstöðumaður fagsviðs hefur yfirumsjón með samhæfingu á sviðinu. Deildarstjóri starfsþróunardeildar var fulltrúi stofnunarinnar í stýrihópi Ráðhússins um samhæft árangursmat og gerð stefnukorts sem verið er að innleiða. Í starfsþróunardeild störfuðu auk deildarstjóra, einn starfsmaður sem sá um skipulag og framkvæmd fræðsluáætlunar fyrir starfsmenn, einn starfsmaður sá um nýráðningar í samvinnu við stjórnendur og einn starfsmaður sá um skjala- og bókasafn og uppfærslu heimasíðu. Auk þess var unnið að sérhæfðum verkefnum sem tengjast starfsmannastefnu, jafnréttismálum og heilsueflingu. Í leikskóladeild störfuðu þrír leikskólaráðgjafar ásamt deildarstjóra, en þeir



eru tengiliðir við leikskólana, ásamt því að sinna ráðgjöf og eftirliti. Af nýjum þróunar- og nýbreytniverkefnum má nefna Hreinlætisstefnu í leikskólum og tilraunaverkefni með yngstu börnunum í leikskólanum. Í ráðgjafar- og sálfræðideild störfuðu þrír sálfræðingar auk deildarstjóra, þrír leikskólasérkennarar og einn þroskaþjálfi. Deildin sér um frumgreiningar barna með þroskafrávik og ráðgjöf vegna sérkennslu í leikskólunum. Þá var á árinu einnig unnið að þróunarverkefni í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og snertir þjónustu við börn með einhverfu.

Í daggæsludeild starfaði deildarstjóri og tveir daggæsluráðgjafar sem sáu um eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum, undirbúning vegna nýrra og endurnýjaðra leyfa til daggæslu og ráðgjöf til dagforeldra og starfsmanna gæsluleikvalla.

# Starfsþróun

## Verksvið

Hlutverk starfsþróunardeildar er að hafa umsjón með verkefnum er tilheyra starfsmanna- og fræðslustefnu stofnunarinnar. Um er að ræða stefnumótandi verkefni og ráðgjöf á sviði starfsmannastjórnunar. Umsjón með innleiðingu á samhæfðu árangursmati, auk innleiðingar á nýju starfsmanna- og launakerfi. Umsjón með viðhorfskönnunum meðal starfsmanna fer einnig fram á deildinni. Bókasafn stofnunarinnar er staðsett á starfsþróunardeildinni.

Starfsmenn deildarinnar eru í nánu samstarfi við Kjaraþróunardeild Ráðhússins og stéttarfélög. Á starfsþróunardeild starfa fjórir starfsmenn.

## Starfsmannastefna

Á árinu var unnið samkvæmt starfsáætlun stofnunarinnar í starfsmannamálum. Lokið var við gerð starfsmannastefnu og hún gefin út.

## Ráðningarferli

Greining á þörf fyrir nýráðningar byggir á upplýsingum frá stjórnendum. Lausar stöður eru auglýstar í dagblöðum, á vefsíðu Leikskóla Reykjavíkur, á vefsvæði Reykjavíkurborgar og Job.is.

Stærsti hluti starfsumsókna berst til skrifstofu, þar sem fram fer greining áður en þær eru sendar til þeirra leikskóla sem auglýst hafa eftir starfsfólki. Leikskólastjórar ganga frá ráðningum í sinn leikskóla.

Eftirspurn eftir starfi í leikskóla jókst á síðasta ári og er eftirtektarvert hvað margar umsóknir bárust frá fagfólki. Síðasta ár einkenndist af meiri stöðugleika en áður í starfsmannahópnum.

Umsækjendur um starf í leikskóla hafa í auknum mæli nýtt sér Netið og sótt um starf rafrænt gegnum vefsíðu Leikskóla Reykjavíkur. Á árinu 2002 bárust rúmlega 1200 starfsumsóknir rafrænt til Leikskóla Reykjavíkur. Í ágúst var áætluð þörf fyrir nýráðningar um 200 starfsmenn.

## Móttaka nýrra starfsmanna

Stjórnendur vinna samkvæmt móttökuáætlun stofnunarinnar. Móttökuáætlun á að tryggja að skipulega sé tekið á móti hverjum nýráðnum starfsmanni og að fyrstu mánuðirnir leggi grunninn að góðu starfi í framtíðinni.

Haldin voru sex 9 kennslustunda löng nýliðanámskeið fyrir starfsmenn Eflingar þar sem lögð var áhersla á að kynna starfskröfur, starfsaðferðir og starfsumhverfi. Eins og fram kemur hér að neðan þá sóttu 159 nýráðnir starfsmenn nýliðanámskeið árið 2002.

Jafnframt var móttaka og kynning á starfsemi Leikskóla Reykjavíkur fyrir nýráðið fagfólk.

**Yfirlit yfir fræðsluflokka árið 2002**

| Námskeið | Fjöldi námskeiða | Fjöldi þátttakenda |
|---|---|---|
| Nýliðanámskeið | 6 | 159 |
| Almenn námskeið og fyrirlestrar | 49 | 1400 |
| Fræðslufundir | 8 | 154 |
| Samningsbundin námskeið | 3 | 106 |
| Stjórnendanámskeið | 15 | 282 |
| Námskeiðsdagar | 2 | 102 |
| Tölvunámskeið | 12 | 155 |
| **Samtals** | **95** | **2358** |




## Símenntun - starfsþróun

Skipulag fræðslumála byggir á ítarlegri þarfagreiningu allra starfsmanna, með tilliti til þekkingar, hæfni í daglegu starfi og þeirrar starfsþróunar sem áætluð er. Fræðslugreiningin byggir á markmiðum sem starfsmenn setja sér og koma fram í árlegum starfsviðtölum. Auk þess sem fylgst er með því sem er að gerast í uppeldismálum innan lands og erlendis.

Í júní og júlí var unnið að gerð Námsvísis og í byrjun september var hann gefinn út og afhentur starfsmönnum og stjórnendum. Sú fræðsla sem stofnunin býður upp á og kemur fram í Námsvísi stendur starfsmönnum til boða endurgjaldslaust. Starfsmenn eiga einnig kost á að sækja fræðslu utan stofnunarinnar. Unnin var fræðsluáætlun fyrir hvern leikskóla þar sem fram kom þátttaka starfsmanna í þeirri fræðslu sem í boði var.
Í janúar voru ný eyðublöð vegna starfsviðtala og gerð símenntunaráætlana kynnt fyrir stjórnendum. Á árinu var boðið upp á námskeið fyrir stjórnendur um starfsviðtöl og gerð símenntunaráætlana.

## Fjölmenningarstefna

Á árinu var á dagskrá ýmiss konar fræðsla sem tengist fjölmenningarstefnu Leikskóla Reykjavíkur. Boðið var upp á námskeið fyrir starfsmenn til að efla hæfni þeirra í samskiptum við börn og foreldra af ólíkum uppruna og námskeið um íslenskukennslu tvítyngdra barna. Einnig voru fræðslufundir um ólíka menningu þar sem erlendir starfsmenn kynntu land sitt og þjóð.

## Jafnréttismál

Nýir fulltrúar komu inn í jafnréttisnefndina á árinu. Meðal verkefna var gerð spurningakönnunar um stöðu jafnréttismála í uppeldisstarfi leikskólanna og undirbúningur fyrir gerð jafnréttisáætlunar fyrir árin 2003 og 2004.
Áfram var lögð áhersla á fræðslu tengda jafnrétti og sérstakir fræðslufundir voru haldnir fyrir karla í starfi. Fleiri karlar voru ráðnir til starfa á árinu en undanfarin ár.

## Átaksverkefni – heilsuefling á vinnustað

Tilraunaverkefninu *Heilsuefling á vinnustað* lauk á árinu með endurtekinni rannsókn frá Vinnueftirliti ríkisins. Verkefnið tókst vel og unnin var framkvæmdaráætlun til ársins 2005 fyrir áframhaldandi vinnu að heilsueflingu í öllum leikskólum. Verkefninu var haldið áfram í 20 leikskólum. Jafnhliða var lögð áhersla á fræðslu á sviði heilsueflingar, m.a. var það þáttur í nýliðafræðslu. Mjög margir starfsmenn sóttu um styrk til að stunda heilsurækt.

## Starfsmanna- og launakerfi (Oracle)

Á árinu var byrjað að skrá fræðsluupplýsingar í starfsmannakerfinu. Öll námskeið sem voru í boði veturinn 2001-2002 voru skráð inn í kerfið og nöfn þátttakenda. Einnig var farið að skrá allar nýráðningar seinnihluta árs. Unnið var að undirbúningi við launakerfið. Starfsmenn deildarinnar sóttu námskeið í notkun kerfisins.

## Samhæft árangursmat (Balanced scorecard)

Unnið var áfram að innleiðingu samhæfðs árangursmats, annars vegar með þátttöku í stýrihóp Reykjavíkurborgar og hins vegar innan Leikskóla Reykjavíkur.
Á námskeiðsdegi stjórnenda í leikskólum í nóvember var fjallað um hugmyndafræði og markmið samhæfðs árangursmats.

## Bókasafn

Bækur, tímarit og skýrslur eru skráð í Metrabók sem er skráningarkefi fyrir bókasöfn. Safnkostur bókasafnsins er rúmlega 3000 bindi bóka. Rúmlega 70 tímarit og fréttabréf berast safninu reglulega. Einnig eru á skrá á safninu milli 40-50 myndbönd. Bókasafnið þjónar öllum starfsmönnum Leikskóla Reykjavíkur.
Á bókasafninu er aðstoðað við leit að fagefni á bókasafni og í gagnagrunnum. Einnig er aðstoðað við aðra upplýsingaöflun, auk textagerðar. Uppfærsla heimasíðunnar fer fram á bókasafninu.





# Leikskólaráðgjöf

FAGSVIÐ

## Verksvið

Verksvið deildarinnar er að hafa eftirlit og umsjón með öllum leikskólum sem reknir eru á vegum Reykjavíkurborgar. Leikskóladeild annast almenna leikskólaráðgjöf og er tengiliður milli skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur og leikskólanna. Starfsmenn fjölskyldumiðstöðvarinnar í Miðgarði sinna ráðgjöf við leikskóla í Grafarvogi í samvinnu við leikskóladeild Leikskóla Reykjavíkur. Auk þess hefur deildin eftirlit með starfsemi leikskóla sem reknir eru af öðrum aðilum. Deildarstjóri hefur yfirumsjón með starfi deildarinnar og er tengiliður við þær deildir borgarverkfræðings sem sinna viðhaldi og endurbótum á eldri leikskólum og leikskólalóðum.

## Leikskólar

Leikskólaráðgjafar veita ráðgjöf til leikskólastjóra, starfsmanna leikskóla og foreldra. Ráðgjöfin beinist að stjórnun, uppeldis- og menntastarfi leikskólans í heild, einstökum deildum eða hópum, auk samvinnu við starfsfólk og foreldra. Leikskólaráðgjafar sinna eftirlitshlutverki stofnunarinnar hvað varðar uppeldisstarfið í leikskólum og felst það í heimsóknum í leikskólana, að lágmarki tvisvar á ári. Að hausti í þeim tilgangi að fá yfirsýn yfir heildarstöðu leikskólans, s.s. starfsmannahald og nýtingu. Að vori er m.a. skilað niðurstöðum foreldrakönnunar sem gerð er annað hvert ár fyrir hvern leikskóla. Einnig eru allir leikskólastjórar boðaðir í viðtal til leikskólaráðgjafa í janúar og febrúar þar sem farið er yfir skriflega umsögn ársáætlunar leikskólans. Aðrar heimsóknir leikskólaráðgjafa eru skipulagðar í samráði við og að ósk leikskólastjóra.

Nær allir leikskólar skiluðu ársáætlun fyrir leikskólaárið 2002-2003. Þar kemur fram áhersla leikskólans í uppeldis- og menntastarfi, samvinna starfsmanna, samvinna við foreldra og mat á starfsemi undangengins árs. Í öllum leikskólum Reykjavíkurborgar er hafin vinna við gerð námskrár og tæpur helmingur leikskóla hefur þegar gefið út sína fyrstu námskrá. Starfsmenn deildarinnar sinna ýmsum öðrum sérverkefnum svo sem tengslum við aðrar stofnanir er sinna börnum á leikskólaaldri og við grunnskóla. Þeir eru ráðgefandi við hönnun nýrra leikskóla og endurbætur á eldri leikskólum.

Leikskólaráðgjafar hafa eftirlit með starfsemi einkarekinna leikskóla í Reykjavík sem felst m.a í því að heimsækja leikskólana einu sinni á ári. Einnig veitir deildin ráðgjöf vegna umsókna um einkarekstur leikskóla og undirbúning vegna veitingar leyfa.

## Fræðsla og fundir

Leikskóladeild skipuleggur fundi leikskólastjóra í samvinnu við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn. Fundir eru haldnir mánaðarlega að undanskildum sumarmánuðunum júlí og ágúst. Fundarefni eru annars vegar hagnýt málefni er varða daglegan rekstur og hins vegar fagleg málefni er varða uppeldis- og menntastarf leikskólanna. Þá tekur leikskóladeild þátt í undirbúningi og framkvæmd vegna fræðslu og símenntunar starfsfólks leikskóla í samvinnu við fræðslufulltrúa.

FAGSVIÐ

## Börn af erlendum uppruna

Um mánaðamótin október og nóvember 2002 voru í Leikskólum Reykjavíkur 422 börn af erlendum uppruna, af 99 þjóðernum og töluðu a.m.k. 51 mismunandi tungumál. Í 67% tilfella var annað foreldri barnanna íslenskt, en í 33% tilvika voru báðir foreldrarnir erlendir. Lögð er áhersla á að bjóða foreldrum barnanna túlkaþjónusta þegar þörf er á og börnin geta fengið stuðningstíma vegna náms í íslensku. Helsta verkefnið er varðar málefni þessa hóps er að halda skrá yfir fjölda barna og hvaða tungumál þau tala og auka þjónustu við fólk af erlendum uppruna, með þýðingum á upplýsingum og eyðublöðum fyrir foreldra. Einnig er lögð áhersla á fræðslu og ráðgjöf til leikskóla eða einstaklinga vegna barna af erlendum uppruna. Kolbrún Vigfúsdóttir leikskólaráðgjafi hefur það hlutverk að sjá um þennan málaflokk.

## Viðhorfskönnun meðal foreldra leikskólabarna

Leikskólar Reykjavíkur gera viðhorfskönnun á meðal foreldra leikskólabarna á hverju ári. Markmið foreldrakönnunar er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra til leikskólans í því skyni að þær nýtist við sjálfsmat leikskólanna og efli samstarf og samskipti við foreldra. Viðhorfskannanir fóru fram í 39 leikskólum hjá Leikskólum Reykjavíkur árið 2002 og var svörun foreldra hátt í 70%.

Niðurstaðan var almennt mjög jákvæð fyrir leikskólana og má nefna að um 84% foreldra eru ánægðir eða frekar ánægðir með námskrá/uppeldisstefnu leikskólanna og um 89% með daglegar móttökur barnsins í leikskólann.

## Mat á starfi leikskóladeildar

Leikskóladeild fékk Kristínu Karlsdóttur lektor við Kennaraháskóla Íslands til að vinna að mati á störfum deildarinnar, en matið fór fram í júní 2002. Matið var gert af rýnihópi átta leikskólastjóra undir stjórn Kristínar. Markmiðið var að skoða hvort sú ráðgjöf sem veitt er nú sé fullnægjandi, annars vegar starf leikskólaráðgjafa eins og það hefur verið og hinsvegar fá hugmyndir um nýjar leiðir í ráðgjafarstarfinu.

Helstu niðurstöður voru þær að leikskólastjórarnir töldu ráðgjafa inna gott starf af hendi og að ráðgjöfin ætti fyrst og fremst að nýtast leikskólastjórunum. Einnig telja leikskólastjórar að æskilegt sé að leikskólaráðgjafarnir nýti eigin þekkingu með því að bjóða upp á fræðslu fyrir starfsfólk leikskólanna.

## Tilraunaverkefni með yngstu börnunum - Könnunarleikurinn

Undanfarin tvö ár hafa verið haldin námskeið fyrir starfsfólk sem vinnur á yngstu deildum leikskólanna. Á námskeiðunum hefur verið fjallað um þroska og þarfir yngstu barnanna og hvernig börn læra í gegnum leik. Starfsfólki var m.a. kynnt bókin *People under three – Young children in day care* sem fjallar sérstaklega um yngsta aldursskeiðið, þroska litla barnsins, tilfinningatengsl, daglegar athafnir og leikinn.

Í framhaldi af námskeiðunum ákváðu leikskólaráðgjafar, sem héldu fyrrnefnd námskeið, að fara af stað með tilraunaverkefni og fengu til samstarfs sjö leikskóla. Fundur var haldinn í byrjun desember þar sem fór fram kynning á verkefninu. Starfsfólk tók hugmyndinni vel og áætlað var að hefja undirbúning í janúar 2003 sem felst í því að kynna foreldrum hugmyndina og safna efniviði. Verkefnið verður metið vorið 2003 og kynnt fyrir öðrum leikskólum haustið 2003.

## Hreinlætisstefna í leikskólum

Bæklingur með verklagsreglum varðandi hreinlæti í leikskólum borgarinnar kom út á árinu 2002. Tilgangurinn er að samræma verklagsreglur um hreinlæti og hreinlætisvenjur í leikskólum hjá Leikskólum Reykjavíkur, með heilsuvernd barna og starfsmanna í huga. Bæklingurinn snýr að tveimur þáttum hreinlætis í leikskólum. Annars vegar hreinlæti í daglegri umgengni, umönnun og nánasta umhverfi barnanna innan leikskólans og hins vegar að auka áherslu á mikilvægi hreinlætisuppeldis barna í leikskólum. Ingveldur H. Björnsdóttir leikskólaráðgjafi og Ásrún Guðmundsdóttir sérkennsluráðgjafi tóku efnið saman.

## Forvarnarverkefni í þremur leikskólum

Vorið 2001 óskuðu Árni Einarsson frá Fræðslumiðstöð í fíknivörnum og Stefán Jóhannsson ráðgjafi eftir samstarfi við þrjá leikskóla um þróun forvarna í leikskólum.
Markmið verkefnisins var að:

- Leggja drög að forvarnaráætlun í leikskólum.
- Leggja drög að forvarnardagskrá fyrir leikskóla.
- Leita leiða til þess að mæta sértækum vanda barna vegna aðstæðna sinna, hegðunar eða lyndiseinkenna.

Verkefnið byggði á því viðhorfi að mikilvægt sé að hefja forvarnir eins snemma og hægt er. Unnið var á vettvangi leikskólanna og í samstarfi við starfsfólk og foreldra viðkomandi leikskóla.
Undirbúningur fólst í heimsóknum í leikskólana og gerð gátlista í samvinnu við leikskólastjóra. Prufukeyrslu á gátlista og beiðni um leyfi frá Persónunefnd ásamt hugmyndavinnu í formi funda með leikskólastjórum.
Verkefnið hófst með námskeiði fyrir starfsfólk viðkomandi leikskóla. Í framhaldi af námskeiðinu var lagður gátlisti fyrir foreldra sem áður hafði verið kynntur á námskeiði starfsfólks. Niðurstöður sýndu m.a. að þörf er á að sinna betur börnum og fjölskyldum barna sem ekki uppfylla greiningarviðmið ýmiss konar sértæks vanda, en þurfa engu að síður umönnun og valda foreldrum áhyggjum.
Verkefninu er formlega lokið og í niðurstöðum segir að áhugi sé fyrir því að kynna gátlistann fleiri leikskólum með tilliti til áframhaldandi notkunar. Þá er áhugi fyrir hendi að útbúa efni fyrir foreldra þar sem fjallað er um þroska og þarfir barna á leikskólaaldri.

## Aukin samþætting leikskóla og grunnskóla

Á fundi borgarstjórnar 20. júní 2002 var samþykkt að beina því til borgarráðs að fela starfshópi, skipuðum fulltrúum frá leikskólaráði og fræðsluráði, að vinna tillögur um aukna samþættingu leikskóla og grunnskóla. Í þeirri vinnu skyldi leggja áherslu á:

- aukið samstarf leikskóla og grunnskóla með það að markmiði að þjónustan verði markvissari og heildstæðari
- nánari útfærslu þeirrar stefnu að bjóða fimm ára börnum gjaldfrjálsa þjónustu á leikskólum.

Í starfshópnum eru Sigrún Elsa Smáradóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Katrín Jakobsdóttir, Birna Sigurjónsdóttir og Hildur Skarphéðinsdóttir. Hópurinn sendi frá sér drög að tillögum um aukna samþættingu leikskóla og grunnskóla til umsagnar í desember 2002. Áfram verður unnið í starfshópnum árið 2003.

## Barnamenning í vesturbæ

Veturinn 2002 var unnið með sameiginlegt þema í öllum leikskólunum undir heitinu, Vesturbærinn okkar, þar sem hver leikskóli vann eitt þema tengt vesturbænum. Börnin heimsóttu stofnanir í hverfinu, kynntu sér starfsemi þeirra og gáfu þeim listaverk. Markmið var að efla samstarf leikskólanna og gera sýnilega þá frjóu listsköpun sem á sér stað í leikskólum borgarinnar. Vorið 2002 var haldinn mikil uppskeruhátíð í 13 leikskólum í vesturbæ Reykjavíkur. Leikskólarnir voru með „opið hús" í tvær vikur, þar sem foreldrar, starfsmenn annarra leikskóla, gestir og gangandi komu og skoðuðu afraksturinn. Þær stofnanir í vesturbæ sem listaverk barnanna prýða nú eru Alþingishúsið, Borgarbókasafnið, Elliheimilið Grund, Háskólabíó, Háskóli Íslands, Íslensk erfðagreining, Íþróttahús KR, Leikskólar Reykjavíkur, Menntamálaráðuneytið, Neskirkja, Ráðhús Reykjavíkur, Vesturbæjarlaug, Vesturgarður og Þjóðarbókhlaðan.



## Ljósahátíð
Á leikskólastjórafundi haustið 2001 var kynnt vetrahátíðin/ljósahátíðin Ljós í myrkri sem haldin var á vegum Reykjavíkurborgar í lok febrúar 2002. Á fundinum var óskað eftir að áhugasamir kæmu með hugmyndir um það hvernig leikskólarnir gætu tekið þátt í hátíðinni. Fjölmargir leikskólar tóku þátt í hátíðinni með einum eða öðrum hætti. Í Grafarvogi var t.d. haldin hátíð fyrir elsta hópinn, um 300 börn, í íþróttahöllinni þar sem Magnús Scheving stjórnaði hreyfingu og fræðslu um heilbrigðan lífsstíl.

## Tónleikar fyrir elstu börnin
Elstu börnin í leikskólunum fengu boð á tónleika í janúar 2002 frá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á efnisskránni var tónlist eftir Atla Heimi Sveinsson við ævintýri Guðmundar Thorsteinssonar um Dimmalimm. Hljómsveitarstjóri var Bernharður Wilkinson og sögumenn og kynnar voru Edda Heiðrún Backmann og Atli Rafn Sigurðarson.

## Þróunarsjóður Leikskóla Reykjavíkur
Þróunarsjóður veitir árlega styrki til þróunarstarfs í leikskólum Reykjavíkurborgar. Um þróunarstyrk geta sótt einstakir leikskólar, starfsmannahópar, leikskólakennarar og aðrir fagmenn á sviði leikskólamála. Í úthlutunarstjórn sjóðsins eru Jóhanna Einarsdóttir frá Kennaraháskóla Íslands og Heiðrún Sverrisdóttir frá Félagi leikskólakennara. Deildarstjóri leikskóladeildar er starfsmaður sjóðsins. Fimm umsóknir bárust sjóðnum árið 2002.

Eftirtalin verkefni hlutu styrk: Leikskólinn Dvergasteinn vegna verkefnisins *Samstarf Myndlistaskóla Reykjavíkur og leikskólans*. Leikskólinn Foldakot vegna verkefnisins *Vinna með málörvunarmeðferð Irene Johansson*. Hálsaborg vegna verkefnisins *Afla þekkingar á matsaðferð þar sem börn meta leikskólastarfið*. Leikskólinn Kátakot vegna verkefnisins *Vistvænn leikskóli*. Leikskólinn Lækjarborg vegna verkefnisins *Fjölmenningarsamfélag í leikskóla*.

## Námsstyrkjasjóður
Markmið sjóðsins er að hvetja starfsmenn leikskóla til að afla sér viðbótarþekkingar á sviði leikskólafræða. Styrkurinn er veittur starfsmönnum sem hafa starfað hjá Reykjavíkurborg í a.m.k. fimm ár og eru í starfi þegar úthlutun fer fram.
Úthlutað var til 92 einstaklinga á árinu 2002 og skýrslur frá viðkomandi liggja frammi á bókasafni Leikskóla Reykjavíkur.

## Menningar- og listasjóður
Megintilgangur sjóðsins er að efla þátttöku leikskólabarna í menningar- og listviðburðum. Heildarupphæð sjóðsins fyrir árið 2002 var 1.400.000. Alls fengu 66 leikskólar úthlutað úr sjóðnum árið 2002. Helstu verkefni sem fengu úthlutað voru leik- og brúðusýningar, ýmsar hátíðir leikskólanna og skoðunarferðir.



# Sálfræðiþjónusta



## Starfsmenn

Á ráðgjafar- og sálfræðideild störfuðu á árinu 2002 fjórir sálfræðingar, þrír leikskólasérkennarar og einn þroskaþjálfi. Deildin keypti þjónustu af talmeinafræðingum sem starfa hjá Talþjálfun Reykjavíkur.

## Verksvið

*Ráðgjöf og frumgreining*

Verkefni deildarinnar eru fyrst og fremst frumgreining á þroskafrávikum barna og ráðgjöf við starfsfólk í leikskólum. Einnig veitir deildin foreldrum sérfræðilega ráðgjöf varðandi börn með sérþarfir, en flest barnanna njóta stuðnings og sérkennslu í leikskólum. Ráðgjöfin beinist að fyrirkomulagi og tilhögun stuðnings og sérkennslu í leikskólanum, uppeldisráðgjöf til foreldra og samvinnu heimilis og skóla. Mjög mikilvægur þáttur í starfinu er regluleg eftirfylgd og endurmat á kennslu og sérkennslu barna í leikskólanum sem leikskólaráðgjafarnir sinna að mestu leyti. Þá er einnig veitt ráðgjöf í starfsmannamálum. Leikskólar og foreldrafélög leita töluvert til deildarinnar eftir fræðslu og hefur verið reynt að koma til móts við flestar þær óskir.

## Sérhæfing

Til að mæta betur nútímalegum vinnubrögðum í tengslum við kennslu og þjálfun barna með sérþarfir, hefur deildin lagt mikla áherslu á sérhæfingu starfsfólks í ákveðnum fötlunum/þroskafrávikum. Þannig gerum við reykvískum leikskólabörnum með fatlanir/þroskafrávik betur kleift að njóta stöðugt vaxandi sérþekkingar á sviði fötlunar og þroskafrávika. Á undanförnum árum hefur mikil sérþekking safnast saman innan deildarinnar á fötlunum og þroskafrávikum, s.s. einhverfu, hreyfihömlun, þroskahömlun og ofvirkni/athyglisbresti.

## Snemmtæk íhlutun

Á árinu var ákveðið að þjónusta við börn með sérþarfir í leikskólum Reykjavíkur taki mið af hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar (early intervention). En snemmtæk íhlutun er skilgreind sem þjónusta við börn með sérþarfir undir sex ára aldri sem hefur það að markmiði að draga úr áhrifum þroskavandamála og fötlunar hjá börnum. Það sem einkennir þjónustuna er áhersla á markviss og skipulögð vinnubrögð í kennslu og þjálfun barnsins, sem byggir á traustum vísindalegum grunni.

### Þróunarverkefni og rannsóknir

Haldið var áfram með þróunarverkefni í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins um heildstæða atferlisíhlutun fyrir börn með einhverfu. Verkefnið hefur m.a. það markmið að byggja upp þekkingu og reynslu innan Leikskóla Reykjavíkur.

Fulltrúi ráðgjafar- og sálfræðideildar tekur þátt í rannsókn í samvinnu við Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands á menntun nemenda með þroskahömlun í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á Íslandi 2002 – 2003 að beiðni Landssamtaka Þroskahjálpar.

Á árinu hófst undirbúningur að samvinnuverkefni við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vegna þýðingar og staðfærslu á The Early Intervention Services Assessment Scale (EISAS) með sérstöku leyfi aðalhöfundar. Spurningalistinn er hannaður í þeim tilgangi að meta gæði snemmtækrar íhlutunar fyrir ung börn með þroskafrávik og fjölskyldur þeirra.

### Leikfangasafn

Ráðgjafar deildarinnar sjá um rekstur leikfangasafns fyrir leikskólana. Þjónusta safnsins felst í útlánum á sérkennslugögnum, veita ráðgjöf og fylgjast með nýjungum í sérkennslu yngri barna. Deildarstjóri ráðgjafar- og sálfræðideildar leiðir innritunarteymi sem fjallar um umsóknir um forgangsvistanir barna inn í leikskóla. Í teyminu situr einnig ráðgjafi frá ráðgjafar- og sálfræðideild, deildarstjóri leikskóladeildar, deildarstjóri þjónustu- og upplýsingadeildar, auk innritunarfulltrúa. Fundir eru haldnir tvisvar í mánuði. Fjallað var um 119 erindi vegna óska um forgangsvistanir og var forgangur samþykktur fyrir 71 barn (60% umsókna). Forgangsóskir eru metnar eftir sérstökum forgangsreglum, m.a. um hvaða börn hafi sérþarfir sem leikskólinn gæti mætt og aukið þeim þroska.

### Samvinna

Ráðgjafar- og sálfræðideildin er og þarf að vera í náinni samvinnu við ákveðnar tengslastofnanir. Bæði til þess að geta vísað í frekari athuganir og greiningar og eins er deildin að fá tilvísanir frá eftirtöldum stofnunum. Það er Félagsþjónustan í Reykjavík, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Barna- og unglingageðdeild og Greiningarteymi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Unnið er eftir sérstökum samskiptareglum með starfsmönnum barnaverndarnefndar Félagsþjónustunnar.

### Sérkennsla

Leikskólar Reykjavíkur veita verulegu fjármagni til sérkennslu leikskólabarna í leikskólum og er deildarstjóri ráðgjafar- og sálfræðideildar ábyrgur gagnvart framkvæmdastjóra um meðferð og hefur endanlegt ákvörðunarvald um útdeilingu þess. Unnið er eftir reglum við úthlutun á stuðningstímum sem voru samþykktar af leikskólaráði 1998. Reglurnar byggja á fimm flokkum og í hverjum flokki er lágmarks og hámarks tímafjöldi. Fyrstu þrír flokkarnir eru fyrir fötluð börn, fjórði flokkurinn er fyrir ofvirk börn og börn sem eiga við félags- og tilfinningaerfiðleika að stríða. Fimmti flokkurinn er ætlaður fyrir úthlutun stuðningstíma á tiltekna deild eða leikskóla. Með þessum reglum er verið að koma til móts við sérþarfir barna bæði fatlaðra og barna sem ekki flokkast undir það að vera fötluð, en þurfa engu að síður stuðning til lengri eða skemmri tíma.

FAGSVIÐ

### Tölulegar upplýsingar.

**Fjöldi þeirra barna, sem nutu stuðnings og sérkennslu í leikskólum á árinu.**

| | Fjöldi barna |
|---|---|
| 1. fl. Börn sem þurfa verulega aðstoð eða gæslu vegna alvarlegrar fötlunar | 33 |
| 2. fl. Börn sem þurfa reglulega aðstoð vegna miðlungs þroskahömlunar | 117 |
| 3. fl. Börn sem þurfa töluverða aðstoð vegna vægrar þroskahömlunar | |
| 4. fl. Börn sem þurfa tímabundið aðstoð v. ofvirkni, félags- og tilfinningaerfiðleika | |
| 5. fl. Stuðningstímar ætlaðir tímabundið á deild. Alls 24 deildir fengu stuðning á árinu. | |
| **Samtals:** | **150** |

Frá árinu 2000 fær hver leikskóli ákveðið fjármagn í hlutfalli við stærð leikskólans til að mæta sérþörfum barna sem falla undir 3. og 4. fl. Nákvæmt yfirlit yfir fjölda þessara barna liggur ekki fyrir.

**Meðaltal fjölda stuðningstíma á dag sem börn (1. og 2. fl.) hafa, auk yfirlits yfir hversu lengi á dag börnin dvelja að meðaltali í leikskólanum.**

| | Meðaltal á dag | Vistunartími (meðaltal) |
|---|---|---|
| 1. fl. | 6,6 klst | 7,8 t/dag |
| 2. fl | 3,4 klst | 7,9 t/dag |
| 5. fl. | 2,5 klst | |

**Þessi 150 börn skiptust þannig eftir kynjum og flokkum:**

| 1. fl. | | 2. fl. | Alls |
|---|---|---|---|
| Drengir | 22 | 72 | 94 |
| Stúlkur | 11 | 45 | 56 |
| | | **Samtals:** | **150** |

# Daggæsla

Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi atvinnurekendur, en hlutverk Leikskóla Reykjavíkur er að veita leyfi fyrir slíkum rekstri. Leyfisveitingar til daggæslu í heimahúsum eru samkvæmt reglugerð félagsmálaráðuneytis nr. 198/1992.
Daggæsluráðgjafar undirbúa leyfisveitingar og veita ráðgjöf til dagmæðra og foreldra barna í daggæslu. Daggæsluráðgjafar veita upplýsingar um laus pláss hjá dagmæðrum og fyrirkomulag niðurgreiðslna til foreldra. Einnig má finna upplýsingar um laus pláss hjá dagmæðrum á vef Leikskóla Reykjavíkur www.leikskolar.is Eftirlit með starfseminni felst í reglulegum heimsóknum tvisvar á ári. Á reynslutíma er eftirlit tíðara og einnig ef upp koma athugasemdir frá foreldrum vegna þjónustu dagmæðra.

## Fræðslustarf

Á árinu var 70 stunda grunnnámskeið haldið tvisvar, í apríl og nóvember. Námskeiðið er haldið fyrir nýja dagforeldra, í samvinnu við Námsflokka Reykjavíkur. Slysavarnanámskeið var haldið einu sinni að vori í tengslum við endurnýjun leyfa. Skilyrði fyrir endurnýjun daggæsluleyfis er þátttaka í slysavarnanámskeiði þriðja hvert ár. Hverfafundir voru haldnir í apríl.
Fræðslufundur var haldinn í Gerðubergi í nóvember sem bar yfirskriftina Dansar og hreyfileikir fyrir leikskólabörn og var í umsjón Kolfinnu Sigurvinsdóttur íþróttakennara og Huldu Sverrisdóttur kennara.

## Leikfangasafn

Leikfangasafn fyrir dagforeldra í Reykjavík er rekið af Leikskólum Reykjavíkur. Markmiðið er að veita ráðgjöf um notagildi leikfanga og að gefa dagmæðrum kost á að fá leigð þroskandi leikföng. Safnið er opið tvisvar í mánuði þar sem dagmæður fá lánuð leikföng einn mánuð í senn.

## Leyfi til daggæslu.

Ný leyfi veitt á árinu til daggæslu voru 40, þar af 7 í Grafarvogi.





FAGSVIÐ

## Fjöldi dagforeldra og barna

Í árslok 2002 voru 222 dagforeldrar starfandi í Reykjavík, þar af 47 í Grafarvogi. Undanþáguleyfi (ömmu og au-pair leyfi) voru 33 á árinu, en 50 árið 2001.

Í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkurborgar voru 26 dagforeldrar með börn sem eiga lögheimili í Reykjavík og greiddi Reykjavíkurborg niður daggæslugjöld fyrir þau börn. Samtals voru 986 börn í daggæslu í heimahúsum um áramót á móti 1402 börnum árið 2001.

## Niðurgreiðslur á árinu.

Niðurgreiðslur á árinu 2002 voru krónur 180 milljónir, en til samanburðar voru niðurgreiðslur á árinu 2001 krónur 192 milljónir.

### Fjöldi dagforeldra eftir hverfum í Reykjavík

| Hverfi | Fjöldi dagforeldra |
|---|---|
| 101 | 15 |
| 104 | 30 |
| 105 | 22 |
| 107 | 10 |
| 108 | 31 |
| 109 | 31 |
| 110 | 19 |
| 111 | 14 |
| 112 | 47 |
| 116 | 3 |
| **Samtals** | **222** |

### Aldursskipting 986 barna hjá dagforeldrum

| Fæðingarár | Fjöldi |
|---|---|
| 1997 | 9 börn |
| 1998 | 8 börn |
| 1999 | 7 börn |
| 2000 | 92 börn |
| 2001 | 740 börn |
| 2002 | 130 börn |
| **Samtals** | **986 börn** |

| Lengd vistunartíma á dag | Fjöldi barna |
|---|---|
| 4 klst | 74 |
| 5 klst | 28 |
| 6 klst | 130 |
| 7 klst | 33 |
| 8 klst | 554 |
| 9 klst | 167 |
| **Samtals** | **986** |

# *Gæsluleikvellir*

Á árinu störfuðu 14 gæsluleikvellir með um 63 þúsund heimsóknir.

Auk fastráðinna starfsmanna kom lausráðið starfsfólk til starfa yfir sumartímann og hópar frá Vinnuskólanum kom til starfa eins og undanfarin sumur.

Brúðubíllinn undir stjórn Helgu Steffensen heimsótti vellina með leiksýningar.

## Fræðsla

Árlegur fræðsludagur var haldinn í Gerðubergi og einnig sóttu starfsmenn ýmis námskeið á vegum Leikskóla Reykjavíkur.

| Gæsluleikvellir | Forstöðumenn |
|---|---|
| Arnarbakki 8 | Elsa Eyjólfsdóttir |
| Brekkuhús 3 | Sigrún Pálsdóttir |
| Fannfold 56 | Hafdís Sigurðardóttir |
| Fífusel 38 | Þóra Guðmundsdóttir |
| Frostaskjól 24 | Sigríður Kristjánsdóttir |
| Fróðengi 2 | Svandís Hallsdóttir |
| Hamravík 12 | S. Laufey Jónsdóttir |
| Hlaðhamrar 52 | Kristjana Guðmundsdóttir |
| Ljósheimar 13 | Hildur Ólafsdóttir |
| Malarás 17 | Guðrún Guðjónsdóttir |
| Njálsgata 89 | Elín Björk Albertsdóttir |
| Rauðilækur 21A | Guðrún Ásmundsdóttir |
| Safamýri 30 | Guðný Einarsdóttir |
| Vesturberg 76 | Guðrún Kristjánsdóttir |



FAGSVIÐ

**Yfirlit yfir barnafjölda á gæsluleikvöllum Reykjavíkur á árunum 1990-2002**

| | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Arnarbakki | 8.905 | 8.430 | 11.147 | 11.083 | 9.349 | 11.641 | 10.546 | 9.819 | 11.345 | 11.217 | 10.103 | 10.140 | |
| Barðavogur | 3.356 | 3.226 | 4.029 | 4.801 | 6.265 | 5.383 | 6.289 | 4.852 | 5.612 | 4.455 | 3.681 | 2.987 | 7.115 |
| Bleikjukvísl | 5.177 | 6.176 | 6.549 | 5.451 | 5.555 | 5.214 | 4.015 | 3.156 | 3.378 | 2.885 | 852 | | |
| Brekkuhús | | | 1.617 | 9.957 | 11.945 | 10.958 | 10.337 | 8.208 | 7.568 | 7.916 | 8.044 | 5.218 | |
| Dalaland | 4.011 | 5.164 | 5.138 | 5.527 | 6.076 | 5.099 | 3.812 | 3.468 | 3.050 | 2.512 | | | 3.537 |
| Dunhagi | 2.690 | 2.788 | 4.424 | 4.367 | 4.494 | 5.033 | 3.659 | 2.011 | 1.808 | 1.633 | | | |
| Fannafold | 11.688 | 14.551 | 16.909 | 13.163 | 10.065 | 9.211 | 10.082 | 6.804 | 6.774 | 5.602 | 4.986 | 4.007 | |
| Fífusel | 7.836 | 7.386 | 6.048 | 6.398 | 6.624 | 7.383 | 7.070 | 5.203 | 7.046 | 7.014 | 8.407 | 6.962 | 2.687 |
| Freyjugata | 6.121 | 6.936 | 8.201 | 7.530 | 8.542 | 8.081 | 6.970 | 5.434 | 4.466 | 5.371 | 5.848 | 3.710 | 3.409 |
| Frostaskjól | 9.057 | 10.504 | 10.606 | 8.161 | 8.462 | 7.823 | 6.245 | 5.296 | 4.117 | 3.929 | 4.615 | 4.282 | |
| Fróðengi | | | | | | | 1.986 | 12.531 | 12.618 | 11.980 | 11.872 | 8.653 | 4.746 |
| Gullteigur | 3.757 | 4.729 | 6.002 | 4.378 | 4.966 | 2.135 | | | | | | | 5.656 |
| Hamravík 12 | | | | | | | | | | | 352 | 5965 | |
| Háteigsvegur | | 554 | 815 | | | | | | | | | | 5.698 |
| Hlaðhamrar | | | | | 8.796 | 10.324 | 11.838 | 9.941 | 9.448 | 8.052 | 8.240 | 6.581 | |
| Hvassaleiti | 4.028 | 2.296 | 2.365 | 3.285 | 2.342 | | | | | | | | 5.731 |
| Iðufell | 2.751 | 3.031 | 2.550 | 2.922 | 3.617 | 2.687 | 310 | | | | | | |
| Kambsvöllur | 1.873 | 2.292 | 2.377 | 1.739 | 3.253 | 4.289 | 3.242 | 3.407 | 3.134 | 2.197 | 4.930 | 2.644 | |
| Ljósheimar | 6.886 | 7.562 | 6.575 | 5.694 | 5.683 | 5.328 | 5.669 | 5.663 | 5.491 | 5.042 | 5.028 | 3.585 | |
| Malarás | 9.147 | 10.861 | 11.509 | 10.741 | 7.803 | 8.183 | 6.051 | 5.712 | 5.993 | 5.656 | 5.520 | 5.266 | 4.257 |
| Njálsgata | 4.620 | 4.937 | 9.339 | 13.806 | 10.306 | 7.343 | 7.707 | 6.654 | 5.296 | 5.389 | 5.149 | 4.089 | 5.472 |
| Rauðilækur | 7.568 | 9.335 | 9.298 | 9.812 | 9.577 | 9.532 | 8.909 | 5.661 | 5.590 | 7.101 | 5.916 | 5.401 | 3.755 |
| Rofabær | 4.780 | 4.325 | 6.715 | 6.668 | 7.286 | 5.996 | 4.377 | 4.421 | 6.358 | 4.986 | 4.849 | 2.399 | 4.131 |
| Rofabær 2 | | | | | | | | | | | | | |
| Safamýri | 7.828 | 9.354 | 10.124 | 9.812 | 9.989 | 9.481 | 7.628 | 6.392 | 5.876 | 5.164 | 4.101 | 4.857 | |
| Stakkahlíð | 11.186 | 13.622 | 11.493 | 10.328 | 8.683 | 6.321 | 5.969 | 3.537 | 3.531 | 3.305 | 2.535 | | 3.823 |
| Suðurhólar | 5.726 | 6.774 | 7.442 | 6.096 | 4.723 | 4.473 | 440 | | | | | | |
| Sæviðarsund | 4.658 | 4.893 | 4.762 | 5.168 | 6.218 | 4.350 | 3.820 | 2.273 | 2.188 | 2.559 | 3.317 | | |
| Tungusel | 3.058 | 3.282 | 3.181 | 3.738 | 3.220 | 2.744 | 433 | | | | | | |
| Tunguvegur | 7.271 | 6.973 | 6.930 | 5.744 | 7.767 | 7.215 | 6.349 | 2.864 | 2.670 | 2.506 | 5.918 | 2.788 | |
| Vesturberg | 8.081 | 9.566 | 7.660 | 7.543 | 7.510 | 5.746 | 8.050 | 5.770 | 6.796 | 5.086 | 4.320 | 6.206 | |
| Vesturgata | 6.212 | 6.907 | 6.314 | 7.619 | 4.498 | 4.576 | 6.319 | 5.145 | 3.929 | 4.520 | 2.217 | 4.890 | 3.415 |
| Yrsufell | 4.720 | 3.376 | 3.611 | 3.560 | 3.732 | 3.925 | 2.919 | 2.152 | 3.464 | 3.701 | | | |
| **Samtals** | **162.991** | **179.830** | **193.730** | **195.091** | **197.346** | **180.474** | **161.041** | **136.374** | **137.546** | **129.778** | **120.800** | **100.630** | **63.432** |

# STARFSFÓLK Á SKRIFSTOFU

*Leikskóla Reykjavíkur í maí 2003*

Bergur Felixson, framkvæmdastjóri
bergurf@leikskolar.rvk.is

**Rekstrarsvið**

| | |
|---|---|
| Elín Helgadóttir, innritunarfulltrúi | elinh@leikskolar.rvk.is |
| Elísabet Kemp, móttökuritari | elisabet@leikskolar.rvk.is |
| Erlen Óladóttir, móttökuritari | afgr2@leikskolar.rvk.is |
| Garðar Jóhannsson, skrifstofustjóri | gardarj@leikskolar.rvk.is |
| Guðríður Eiríksdóttir, bókari | gudridur@leikskolar.rvk.is |
| Hallur Símonarson, fjárreiðustjóri | hallur@leikskolar.rvk.is |
| Hafdís Guðmundsdóttir, bókari | hafdisg@leikskolar.rvk.is |
| Helga Gunnarsdóttir, innheimtufulltrúi | helgag@leikskolar.rvk.is |
| Helga Herbertsdóttir, innritunarfulltrúi | helgaherb@leikskolar.rvk.is |
| Hjörtur Heiðdal, tæknimaður | hjh@leikskolar.rvk.is |
| Laura Bergs, ritari | laura@leikskolar.rvk.is |
| Linda Björk Elíasdóttir, innheimtufulltrúi | lindael@leikskolar.rvk.is |
| Linda Björk Helgadóttir, innheimtufulltrúi | lindahe@leikskolar.rvk.is |
| Linda Björk Þormóðsdóttir, kerfisstjóri | lindath@leikskolar.rvk.is |
| Margrét Rader, launafulltrúi | margretr@leikskolar.rvk.is |
| Ragnheiður Jónsdóttir, innheimtufulltrúi | ragnheidurj@leikskolar.rvk.is |
| Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, fjármálastjóri | ragnhildure@leikskolar.rvk.is |
| Ragnhildur Bogadóttir, launafulltrúi | ragnhildurb@leikskolar.rvk.is |
| Sigurrós Halldórsdóttir, launafulltrúi | sigurros@leikskolar.rvk.is |
| Steinunn Hjartardóttir, þjónustustjóri | steinunnh@leikskolar.rvk.is |

**Fagsvið**

| | |
|---|---|
| Anna Hermannsdóttir, starfsþróunarstjóri | annah@leikskolar.rvk.is |
| Anna-Lind Pétursdóttir, sálfræðingur | annalind@leikskolar.rvk.is |
| Arna Björk Birgisdóttir, sálfræðingur | arnab@leikskolar.rvk.is |
| Ásrún Guðmundsdóttir, leikskólasérkennari | asrun@leikskolar.rvk.is |
| Auður Jónsdóttir, starfsmannafulltrúi | audur@leikskolar.rvk.is |
| Bergljót Björg Guðmundsdóttir, leikskólasérkennari | bergljot@leikskolar.rvk.is |
| Björg Ingþórsdóttir, daggæsluráðgjafi | bjorgi@leikskolar.rvk.is |
| Emilía Rafnsdóttir, daggæsluráðgjafi | emilia@leikskolar.rvk.is |
| Halla Valgeirsdóttir, fræðslufulltrúi | hallav@leikskolar.rvk.is |
| Helgi Hjartarson, yfirsálfræðingur | helgih@leikskolar.rvk.is |
| Hildur Skarphéðinsdóttir, deildarstjóri | hildurs@leikskolar.rvk.is |
| Ingveldur H. Björnsdóttir, leikskólaráðgjafi | ingveldurb@leikskolar.rvk.is |
| Jakobína Sveinsdóttir, bókasafns- og upplýsingarfulltrúi | jakobinas@leikskolar.rvk.is |
| Kolbrún Björnsdóttir, sálfræðingur | kolbrunb@leikskolar.rvk.is |
| Kolbrún Vigfúsdóttir, leikskólaráðgjafi | kolbrunv@leikskolar.rvk.is |
| Margrét Vallý Jóhannsdóttir, forstöðumaður fagsviðs | vally@leikskolar.rvk.is |
| Sigríður Marteinsdóttir, daggæsluráðgjafi | sigga@leikskolar.rvk.is |
| Sigrún Einarsdóttir, leikskólaráðgjafi | sigrunei@leikskolar.rvk.is |
| Sigrún Kristjánsdóttir, þroskaþjálfi | sigrunk@leikskolar.rvk.is |
| Þórhalla Guðmundsdóttir, leikskólasérkennari | thorhalla@leikskolar.rvk.is |

# LEIKSKÓLAR Í REYKJAVÍK



**Arnarborg**
Maríubakka 1, sími 557-3090.
Leikskólastjóri er Hildur Gísladóttir

**Austurborg**
Háaleitisbraut 70, sími 553-8545.
Leikskólastjóri er Guðrún Gunnarsdóttir.

**Álftaborg**
Safamýri 32, sími 581-2488.
Leikskólastjóri er Berglind Agnarsdóttir.

**Árborg**
Hlaðbæ 17, sími 587-4150.
Leikskólastjóri er Sigríður Þórðardóttir.

**Ásborg**
Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.
Leikskólastjóri er Jóna Elín Pétursdóttir - í leyfi 2002.
Afleysing Elfa Dís Austmann.

**Bakkaborg**
Blöndubakka 2, sími 557-1240, fax 557-1245.
Leikskólastjóri er Elín Erna Steinarsdóttir.

**Barónsborg**
Njálsgötu 70, sími 551-0196.
Leikskólastjóri er Sjöfn Ólafsdóttir.

**Blásalir**
Brekknaás 4, sími 557-9720, fax 557-5920.
Leikskólastjóri er Margrét Elíasdóttir.

**Brákarborg**
við Brákarsund, sími 553-4748.
Leikskólastjóri er Anna María Sverrisdóttir.

**Brekkuborg**
Hlíðarhús 1, sími 567-9380, fax 567-9383.
Leikskólastjóri er Guðrún Samúelsdóttir.

**Drafnarborg**
við Drafnarstíg, sími 552-3727.
Leikskólastjóri er Elín Guðjónsdóttir.

**Dvergasteinn**
við Seljaveg, sími 551-6312.
Leikskólastjóri er Elín Mjöll Jónasdóttir.

**Engjaborg**
Reyrengi 11, sími 587-9130
Leikskólastjóri er Valborg H. Guðlaugsdóttir
- í leyfi 2002-2003. Afleysing Brynja Benediktsdóttir.

**Fálkaborg**
Fálkabakka 9, sími 557-8230.
Leikskólastjóri er Jónína Lárusdóttir.
Heimasíða: Fálkaborg

**Fellaborg**
Völvufelli 9, sími 557-2660.
Leikskólastjóri Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir.

**Fífuborg**
Fífurima 13, sími 587-4515.
Leikskólastjóri er Elín Ásgrímsdóttir.

**Foldaborg**
Frostafold 33, sími 567-3138.
Leikskólastjóri er Guðbjörg Guðjónsdóttir.

**Foldakot**
Logafold 18, sími 587-3077.
Leikskólastjóri er Guðrún Sólveig Vignisdóttir.

**Funaborg**
Funafold 42, sími 587-9160.
Leikskólastjóri er Sigríður Jónsdóttir.

**Furuborg**
við Áland, sími 553-1835.
Leikskólastjóri er Sigþrúður Sigurþórsdóttir.

**Garðaborg**
Bústaðavegi 81, sími 553-9680.
Leikskólstjóri er Kristín Einarsdóttir.

**Grandaborg**
Boðagranda 9, sími 562-1855.
Leikskólastjóri er Guðrún María Harðardóttir
- í leyfi 2002-2003. Afleysing Ragnheiður Júlíusdóttir.

**Grænaborg**
Eiríksgötu 2, sími 551-4470.
Leikskólastjóri er Gerður Sif Hauksdóttir.

**Gullborg**
Rekagranda 14, sími 562-2455.
Leikskólastjóri er Rannveig Bjarnadóttir.

**Hagaborg**
Fornhaga 8, sími 551-0268.
Leikskólastjóri er Sigríður Sigurðardóttir.

## LEIKSKÓLAR Í REYKJAVÍK

**Hamraborg**
Grænuhlíð 24, sími 553-6905.
Leikskólastjóri er Bryndís Stefánsdóttir.

**Hamrar**
Hamravík 12, sími 577-1240.
Leikskólastjóri er Erna Jónsdóttir.

**Hálsaborg**
Hálsaseli 27, sími 557-8360.
Leikskólastjóri er Ólöf Helga Pálmadóttir.

**Hálsakot**
Hálsaseli 29, sími 557-7275.
Leikskólastjóri er Inga Dóra Jónsdóttir.

**Heiðarborg**
Selásbraut 56, sími 557-7350.
Leikskólastjóri er Emilía Möller.

**Hlíðaborg**
v/ Eskihlíð, sími 552-0096.
Leikskólastjóri er Sigríður Hjaltested

**Hlíðarendi**
Laugarásvegi 77, sími 553-7911.
Leikskólastjóri er Jónína Þorsteinsdóttir.

**Hof**
Gullteigi 19, sími 553-9995.
Leikskólastjóri er Sigrún Sigurðardóttir.

**Holtaborg**
Sólheimum 21, sími 553-1440.
Leikskólastjóri er Guðbjörg Guðmundsdóttir.

**Hólaborg**
Suðurhólum 21, sími 557-6140.
Leikskólastjórar eru Ásta Jónsdóttir
og Inga K. Guðmundsdóttir.

**Hraunborg**
Hraunbergi 12, sími 557-9770.
Leikskólastjóri er Sigurborg Sveinbjörnsdóttir.

**Hulduheimar**
við Vættaborgir, sími 586-1870.
Leikskólastjóri er Bryndís Markúsdóttir.

**Jörfi**
við Hæðargarð, sími 553-0345.
Leikskólastjóri er Sæunn E. Karlsdóttir.

**Jöklaborg**
Jöklaseli 4, sími 557-1099.
Leikskólastjóri er Anna Bára Pétursdóttir.

**Klambrar**
Háteigsvegi 33, sími 511-1125.
Leikskólastjóri er Ingibjörg Kristleifsdóttir.

**Kátakot**
Fólkvangi, sími 566-6039.
Leikskólastjóri er Steinunn Geirdal.

**Klettaborg**
Dyrhömrum 5, sími 567-5970.
Leikskólastjóri er Lilja Eyþórsdóttir.

**Kvarnarborg**
Árkvörn 4, sími 567-3199.
Leikskólastjóri er Sigrún Baldursdóttir.

**Kvistaborg**
Kvistalandi 26, sími 553-0311.
Leikskólastjóri er Helga Hallgrímsdóttir.

**Laufskálar**
Laufrima 9, sími 587-1140.
Leikskólastjóri er Lilja Björk Ólafsdóttir.

**Laufásborg**
Laufásvegi 53 - 55, sími 551-7219.
Leikskólastjóri er Sólrún Ólafsdóttir.

**Laugaborg**
við Leirulæk, sími 553-1325.
Leikskólastjóri er Helga Alexandersdóttir.

**Leikgarður**
Eggertsgötu 12-14, sími 551-9619
Leikskólastjóri er Sólveig Sigurjónsdóttir.

**Lindarborg**
Lindargötu 26, sími 551-5390.
Leikskólastjóri er Ragnheiður Halldórsdóttir.

**Lækjaborg**
við Leirulæk, sími 568-6351.
Leikskólastjóri er Svala Ingvarsdóttir.

**Lyngheimar**
við Mururima, sími 567-0277.
Leikskólastjóri er Júlíana Hilmisdóttir.

**Maríuborg**
Maríubaug 3, sími 577-1125.
Leikskólastjóri er Guðný Hjálmarsdóttir.

LEIKSKÓLAR Í
REYKJAVÍK





Nýr leikskóli
Hamravík
Hulduheimar
Hamrar
Fróðengi
Engjaborg
Laufskálar
Ásborg
Hlíðarendi
Lyngheimar
Hlaðhamrar
Fífuborg
Brákarborg
Klettaborg
Brekkuborg
Sunnuborg
Foldaborg
Brekkuhús
Sjónarhóll
Funaborg
Holtaborg
Foldakot
Steinahlíð
Maríuborg
Kvarnarborg
Kvistaborg
Árborg
Rofaborg
Fálkaborg
Bakkaborg
Hólaborg
Heiðarborg
Arnarbakki
Suðurborg
Malarás
Arnarborg
Rauðaborg
Vesturberg
Hraunborg
Blásalir
Seljaborg
Fellaborg
Ösp
Hálsaborg
Völvuborg
Seljakot
Hálsakot
Fífusel
Jöklaborg

# LEIKSKÓLAR Í REYKJAVÍK

**Mánagarður**
Eggertsgötu 34, sími 562-3340.
Leikskólastjóri er Kolbrún Harðardóttir.

**Múlaborg**
Ármúla 8a, sími 568-5154.
Leikskólastjóri er Arndís Bjarnadóttir.

**Mýri**
Skerplugötu 1, sími 562-5044.
Leikskólastjóri er Unnur Jónsdóttir.

**Njálsborg**
Njálsgötu 9, sími 551-4860.
Leikskólastjóri er Hallfríður Hrólfsdóttir.

**Nóaborg**
Stangarholti 11, sími 562-9595.
Leikskólastjóri er Anna Margrét Ólafsdóttir.

**Rofaborg**
Skólabæ 6, sími 567-2290.
Leikskólastjóri er Þórunn Gyða Björnsdóttir.

**Rauðaborg**
Viðarási 9, sími 567-2185.
Leikskólastjóri er Ásta Birna Stefánsdóttir.

**Seljaborg**
Tunguseli 2, sími 557-6680.
Leikskólastjóri er Ágústa Amalía Friðriksdóttir.

**Seljakot**
Rangárseli 15, sími 557-2350.
Leikskólastjóri er Sigríður K. Jónsdóttir.

**Sjónarhóll**
við Völundarhús, sími 567-8585.
Leikskólastjóri er Bergljót Jóhannsdóttir.

**Skógarborg**
við Áland, sími 553-1805.
Leikskólastjórar eru Sigrún Ingþórsdóttir og Olga Guðmundsdóttir.

**Sólbakki**
Vatnsmýrarvegi 32, sími 552-2725.
Leikskólastjóri er Sigfríður L. Marinósdóttir.

**Sólhlíð**
við Engihlíð, sími 551-4870.
Leikskólastjóri er Elísabet Auðunsdóttir.

**Sólborg**
Vesturhlíð 1, sími 551-5380.
Leikskólastjóri er Jónína Konráðsdóttir.

**Stakkaborg**
Bólstaðarhlíð 38, sími 553-9070.
Leikskólastjóri er Ólafía B. Davíðsdóttir.

**Steinahlíð**
Suðurlandsbraut, sími 553-3280.
Leikskólastjóri er Steinunn Jónsdóttir.

**Suðurborg**
Suðurhólum 19, sími 557-3023.
Leikskólastjóri er Elínborg Þorláksdóttir.

**Sunnuborg**
Sólheimum 19, sími 553-6385.
Leikskólastjóri er Hrefna Sigurðardóttir.

**Sæborg**
Starhaga 11, sími 562-3664.
Leikskólastjóri er Soffía Þorsteinsdóttir.
Heimasíða: Sæborg

**Tjarnarborg**
Tjarnargötu 33, sími 551-5798.
Leikskólastjóri er Hulda Ásgeirsdóttir.

**Vesturborg**
Hagamel 55, sími 552-2438.
Leikskólastjóri er Íris Edda Arnardóttir.

**Völvuborg**
Völvufelli 7, sími 557-3040.
Leikskólastjóri er Regína Viggósdóttir
- í leyfi 2002-2003. Afleysing Halldóra B.G. Martin.

**Ægisborg**
Ægisíðu 104, sími 551-4810.
Leikskólastjóri er Kristjana Thorarensen.

**Öldukot**
við Öldugötu, sími 551-4881.
Leikskólastjóri er Edda Magnúsdóttir
- í leyfi 2002-2003. Afleysing Freyja Kristjánsdóttir

**Ösp**
Iðufelli 16, sími 557-6989.
Leikskólastjóri er Svanhildur Hákonardóttir.